Rétt ísun – hærra skilaverð!
ísvélar íshúsið
www.ishusid.is • S:566 6000
1983 - 2013 30 ára reynsla

isvelar.is
Fáðu tilboð! Eigum ísvélar á lager

23. SEPTEMBER 2014
1. tölublað
1. árgangur

ALDAN

FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG

Íslenska sjávarútvegssýningin 2014 er sú 11. í röðinni

Íslenska sjávarútvegssýningin, „The Icelandic Fisheries Exhibition and Awards 2014," og verðlaunaafhending henni samhliða til þeirra sem taldir eru hafa skarað fram úr í íslenskum sjávarútvegi og fiskvinnslu verður opnuð formlega næsta fimmtudag, 25. september í Smáranum í Kópavogi og strendur til laugardags. Sýningin er opin fimmtudag og föstudag frá kl. 10.00 til 18.00 og á laugardag frá kl. 10.00 til 16.00. Íslenska sjávarútvegssýningin fagnar 30 ára afmæli en fyrsta sýningin var árið 1984 en þetta er 11. sýningin í röðinni. Umfang sýningarinnar hefur meira en tvöfaldast á síðasta áratug. Sýningin er bæði afurða- og tæknisýning og þátttakendur geta tryggt að þeirra vörur munu njóta verðskuldaðrar ahygli og oftast viðurkenningar.

Frá setningu 10. sjávarútvegssýningarinnar 2011. Þáverandi sjávarútvegsráðherra, Jón Bjarnason, Guðrún Pálsdóttir þáverandi bæjarstjóri í Kópavogi og framkvæmdastjóri sýningarinnar Marianne Rasmussen Coulling.

Samhliða Íslensku sjávarútvegssýningunni verður haldin ráðstefna í Smáranum sem nefnist „Coastal Fisheries and coastal communities in the North Atlantic" og fer fram síðdegis laugardaginn 27. september í tengslum við sýningarsvæði sjávarútvegssýningarinnar og er öllum opin. Ráðstefnan er á vegum MATÍS og styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Þar á m.a. að ræða stöður sjávarbyggða, smábátaveiðar og byggðaþróun við Norður-Atlantshaf. Samfélög í sjávarbyggðum og smábátaútgerð tengjast sterkum böndum í þeim löndum sem liggja að Norður-Atlantshafi. Víðast hvar á svæðinu eiga sjávarbyggðir undir högg að sækja og smábátaútgerðir eiga í rekstrarvanda, ásamt því sem endurnýjun í greininni er takmörkuð. Þessar áskoranir, ásamt fleiri viðfangsefnum, verða rædd á ráðstefnunni en leitast á við að greina framtíðarmöguleika sjávarbyggðanna. Ráðstefnan er þannig uppbyggð að fyrst munu fulltrúar frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Nýfundnalandi flytja stutta fyrirlestra um stöðu þessara mála í þeirra löndum. Þá verður kynnt rannsóknarverkefni þar sem afkoma og laun smábátaútgerða í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi er greind og borið saman við aðrar atvinnugreinar. Þá munu íslenskir eigendur smábátaútgerðar í Noregi greina frá rekstrarumhverfi smábáta í Noregi, og bera það saman við Ísland; og loks mun stjórnarformaður Byggðarstofnunar greina frá starfi og stefnu stofnunarinnar, en Byggðastofnun hefur nýlega tekið til endurskoðunar aðferðafræði stofnunarinnar til að sinna sínu hlutverki betur.

Þorskur i kari.

Nýting Íslendinga á þorski vekur athygli hjá FAO:

Íslendingar ein helsta fiskveiði-þjóð heims

Í nýútkomnu riti FAO, Matvæla-og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem ber heitið The State of World Fisheries and Aquaculture (SOFIA) er staðfest að Íslendingar séu ein af helstu fiskveiði þjóðum heims. Ritið birtir lista yfir þær 18 þjóðir sem veiddu mest af fiski árið 2012. Efst á listanum er Kína með 13.869.604 tonn veidd. Næst kemur Indónesía með 5.420.247 tonn og í þriðja sæti eru Bandaríkin með 5.107.559 tonn. Ísland er í 17. sæti á listanum með samtals 1.449.452 tonn af fiski. Aðeins eitt annað Evrópuland kemst á listann en það er Noregur, sem vermir 11. sætið með 2.149.802 tonn veidd árið 2012.

Íslendingar eru leiðandi í nýsköpun

Í ritinu er kastljósinu einnig beint að mikilvægi rekjanleika fisks með það að markmiði að stuðla að fæðuöryggi og koma í veg fyrir svindl með matvæli. Þar eru rannsóknir Íslendinga sem MATÍS hefur komið að, nefnt sem dæmi um árangursrík verkefni af þessu tagi. Þá er talið að ekki sé hægt að rekja uppruna fisks á Evrópumarkiði í 25 – 50% tilfella. Fullnýting Íslendinga á þorski er einnig umfjöllunarefni í ritinu, þar sem fjallað er um möguleikana á að nýta aukaafurðir fisks til manneldis. Fram kemur að Íslendingar hafi flutt út 11.540 tonn af þurrkuðum þorskhausum til Afríku árið 2011. Greint er frá því að auk hausa séu hrognin og lifrin nýtt til manneldis en afgangurinn fari mestmegins í fóður.

Ritið sem hér um ræðir er viðamesta útgáfa FAO og kemur út á tveggja ára fresti. Markmiðið með útgáfunni er að veita stefnumarkandi og opinberum aðilum auk þeirra sem þurfa að treysta á fiskiðnaðinn alhliða og hlutlausar upplýsingar um stöðu mála á heimsvísu og gefa hugmyndir um hvernig megi bregðast við þeim áskorunum sem fyrir eru.

MATVÆLA-
RÁÐGJÖF

ÍSGEN
MATVÆLARÁÐGJÖF

Róbert Hlöðversson - Sími 897 0525 - robert@isgen.is

Sýningarsvæði íslenskra fyrirtækja á sjávarútvegssýningunni í Bruxelles.

Nýtt sjávarútvegblað hefur göngu sína í haust:

ALDAN, fréttablað um sjávar-útveg kemur út mánaðarlega

Fyrir kosningarnar í vor var því oft haldið á lofti að þrátt fyrir allt ætti landið allt enn mikið undir sjávarútvegi. Fótspor, sem gefur m.a. út blöðin VESTURLAND, VESTFIRÐI, AKUREYRI-VIKUBLAÐ, AUSTURLAND, SUÐURLAND, REYKJANES, HAFNARFJÖRÐ, KÓPAVOG OG REYKJAVIK-VIKUBLAÐ, hleypir nú af stokkunum nýju sjávarútvegsblaði sem beina mun sjónum að norðlenskum sjávarútvegi ekki síður en annars staðar á landinu. Ritstjóri er Geir A. Guðsteinsson, sem hefur áralanga þekkingu á sjávarútvegi í blaðamennsku, eftir áralöng störf í blaðamennsku á Degi og Degi-Tímanum og nú á seinni árum við ritstjórn VESTURLANDS og VESTFJARÐA, svo eitthvað sé nefnt.

Fiskveiðar og vinnsla eru þrátt fyrir allt undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

„Blaðið heitir Aldan, fréttablað um sjávarútveg. Blaðið mun fjalla um sjávarútveg almennt, útgerð, fiskvinnslu, þjónustufyrirtæki í atvinnugreininni, og ekki síst um fólkið sem kemur að þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, bæði þá sem stjórna fyrirtækjum í atvinnugreininni og ekki síður þá sem vinna ýmis önnur störf í atvinnugreininni, s.s. í fiskmóttökunni, löndun, sjómennina og aðra. Engin verður undanskilin. Með því mun blaðið gefa sem besta spegilmynd af sjávarútveginum í dag.

Blaðinu verður dreift til allra helstu aðila í sjávarútvegi í dag, liggja frammi á hafnarvogunum víðs vegar um landið og það mun verða aðgengilegt á völdum stöðum, s.s. bensínstöðvum.

Blaðið mun taka mið af því að mörg sjávarútvegsfyrirtæki á landsbyggðinni, s.s. Samherji á Akureyri, eru lykistoð í atvinnulífinu á Akureyri. Þannig mætti einnig nefna Síldarvinnsluna á Neskaupstað, Ísfélag Vestmannaeyja, HB-Granda og fleiri. Meðan ég var blaðamaður fyrir norðan átti ég ágætt samstarf við forsvarsmenn Samherja og það verður enginn breyting á því. Samherji er einnig burðarás í atvinnulífinu á Dalvík, togarar fyrirtækisins landa oft í Hafnarfjarðarhöfn og þannig markar þetta eitt stærsta útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki landsins djúp spor í atvinnulífinu víðar um landið, ekki bara á Akureyri.“

Fyrir á markaði eru a.m.k. tvö blöð sem helga sig sjávarútvegsmálum svo ALDAN verður og ætlar að marka sér ákveðna sérstöðu. Ekki síst að fjalla um undirstöðuna í þessum helsta atvinnuvegi landsins, tala m.a. við fólk sem hefur atvinnu af því að starfa við sjávarútveg. Einnig verður sjónum beint að nýsköpun í sjávarútvegi, bæði vinnslu í landi og við veiðar. Þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki er stöðugt vaxandi atvinnugrein en nýjungar í þeirri grein hafa vakið heimsathygli. Nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Marel, en þau eru miklu fleiri. Einnig verður fjallað um markaðsmál sjávarútvegsins, rætt við neytendur hérlendis, en einnig að fá fram álit neytenda erlendis, ekki síst í Evrópu sem er mikilvægt. Fiskur er í vaxandi mæli fluttur út ferskur, það er krafa markaðarins, og að því þurfa íslenskir framleiðendur að laga sig sem best, og fylgjast með vel með.

Sjávarútvegi ekki sýnd nægjanleg athygli með daglegum fréttum

„Stundum er haldið fram að hinum gömlu atvinnuvegum á Íslandi sé ekki sýnd nægjanleg athygli með daglegum fréttum leiðandi fjölmiðla. Kannski eru það fyrst og fremst áhrif þess að það þykir ekki mjög fínt að vinna við eina helstu atvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveg. Því þarf að breyta, og ég held að það muni gerast. Umfjöllun um ferðaþjónustu er nú í tísku en kannski er sú grein ekki eins gjaldeyrisskapandi og oft er gefið í skyn, jafnvel af stofnunum í greininni. Íslenska sjávarútvegssýningin verður í Kópavogi í lok septembermánaðar og ekki er ósennilegt að fyrsti forsíðuuppslátturinn í ÖLDUNNI muni tengjast sýningunni og muni m.a. fjalla um nýjungar sem íslensk fyrirtæki kynna þar.

Ég hef alltaf haft gaman af því að skrifa um sjávarútveg. Þegar ég var blaðamaður á Degi, Degi-Tímanum og DV var það að einhverju marki mín sérgrein. Ég hef starfað við önnur sjávarútvegsblöð og einnig skrifað greinar sem fjalla um sjávarúveg og þannig haldið þessum áhuga mínum og þekkingu við. Það hafa lesendur blaða eins og VESTURLAND og VESTFIRÐIR orðið varir við þó þau blöð séu ekki sérstök sjávarútvegsblöð. Ekki síst á Vestfjörðum snýst atvinnulífið meira og minna um útgerð og fiskvinnslu svo það hlýtur að teljast eðlilegt.“

ÍSLENSKA STALÍS ODD 70605 09/14

Oddi hefur í liðlega átta áratugi unnið með íslenskum fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð að því að þróa umbúðir, sem svara þörfum kröfuharðra viðskiptavina um allan heim. Við framleiðum fjölbreyttar umbúðir úr kartoni, pappír og plasti. Umbúðirnar okkar vernda vörur við flutninga og geymslu, ásamt því að miðla mikilvægum upplýsingum til viðskiptavina.

Umbúðirnar tala sínu máli.

Oddi – umhverfisvottað fyrirtæki.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Umbúðir og prentun

„Það ríkir meira sjálfstraust í greininni sem m.a. lýsir sér í því að Íslendingar eru að smíða fleiri fiskiskip“

- segir Marianne Rasmussen Coulling, framkvæmdastjóri Íslensku sjávarútvegssýningarinnar

Marianne Rasmussen-Coulling.

Þegar sjárútvegssýningin 2008 var haldin var efnahagskreppan að skella á hérlendis sem og víðar um heiminn og það hafði einhver áhrif á sýninguna það árið. Árið 2011 var ástandið betra en þó voru gjaldeyrishöft ríkjandi, sem reyndar er enn en sýnendum hafi fjölgað milli þessara sýninga. Marianne Rasmussen-Coulling, framkvæmdastjóri sjávarútvegssýningarinnar var spurð hvort sýendum hefði fjölgað nú enn frekar, sýningin væri jafnvel sú stærsta frá upphafi.

„Hvar á ég að byrja, við höfum þegar selt öll sýningapláss og sýningin er 5% stærri en sýningin 2011. Það ríkir meira sjálfstraust í greininni sem m.a. lýsir sér í því að Íslendingar eru að smíða fleiri fiskiskip en í mörg ár þar á undan. Hleypt verður af stokkunum nýrri ráðstefnu í samstarfi við MATÍS, „Fish for Waste Profit“ sem kannki mætti útleggja að hafa hagnað af fiskúrgangi. Uppákoma verður á vegum Enterprise Europe Network og benda má á fleiri ráðstefnur s.s. „Strandveiðar og sjávarbyggðir í Norður-Atlantshafi“ sem er skipulögð af MATÍS og ennfremur ráðstefna sem er skipulögð af efnahagsstofnum, en báðar þessar ráðstefnur eru styrktar af Norrænu ráðherranefndinni.“

Metfjöldi nýrra sýnenda

- Verða einhverjar nýungar á sjávarútvegssýningunni sem þú vldir sérstaklega nefna?

„Ég held að það sé alltaf mikilvægt að nefna fyrst trygga sýnendur okkar, sem koma til baka sýningu eftir sýningu til að kynna vörur sínar. Sumir þeirr ahfa verið með frá upphafi og fagna nú með okkur 30 ára afmæli Icefish. Í ár er metfjöldi nýrra sýnenda, m.a. frá Belgíu, Kína, Þýskalandi, Japan, Noregi, Póllandi, Portúgal, Svíþjóð, Taívan, Hollandi, Tyrklandi, Bretlandi, Bandaríkjunum sem og nýjum íslenskum fyrirtækjum. Við eigum líka von á hópi fólks frá Danmörku, Bretlandi og Færeyjum sem og auðvitað fjölda íslenskra gesta.“

- Í ár eru liðin 30 ár frá fyrstu sýningunni sem var í Laugardalshöll 1984. Hvernig hefur þróunin verið?

„Fyrsta sýningin mín á Íslandi var 1996, þegar við höfðum aðeins íþróttahöll og í sýningarskálum sem komu frá Hollandi. Með því að færa okkur til Kópavogs höfum við nú frábæra sýningaraðstöðu undir einu þaki og sýnendum hefur fjölgað umtalsvert, bæði innlendum og erlendum. Veiðar og vinnsla eru óaðskiljanlegir hluti íslensks atvinnuífs og efnahagslífs en á þessum 30 árum hefur allt ferli verið einfaldað og aukin áhersla lögð á skilvirkni. Sjávarátvegssýningin vekur áhuga langt út fyrir strendur Íslands og gefur aðilum í fiskveiðum og sjávarútvegi almennt tækifæri á þriggja ára fresti til að hittast og ræða saman, og eiga viðskipti.“

Marianne segir að með sífellt auknum kostnaði við veiðar aukist mikilvægi fiskeldisstöðva og þar hafi Íslendingar augljóslega sett stefnuna bæði á þorskeldi og laxeldi. Enginn staður sé heppilegri en Ísland til að ræða þessu mál á faglegum grundvelli.

„Á IceFish.is má meðan á sýningunni stendur fá helstu upplýsingar og þar má einnig fá upplýsingar um næstu sjávarútvegssýningu sem verður haldin árið 2017. Til að lesa það nýjasta um IceFish er einnig hægt að heimsækja IceFish blogg síðu eða IceFish á Twitter, sem og á Facebook og skoða IceFish LinkedIn síðu,“ segir Marianne Rasmussen-Coulling.

Leiðari

Lífið er saltfiskur eða sigin grásleppa

Fjórðungur gjaldeyristekna þjóðarinnar kemur frá sjávarútvegi. Margir hafa tekjur af störfum við sjávarútveg, ekki síst íbúar á Snæfellsnesi, og þar er hlutfall sjómanna af heildaríbúatölunni býsna hátt enda byggir atvinnulífið á landsbyggðinni á sjósókn og vinnslu sjávarafurða að stórum hluta. Sjávarútvegurinn er í dag á ofboðslega skemmtilegum tímapunkti þar sem þróun í afurðum er að skila okkur gríðarlega auknum tekjum. Þar má m.a. vísa í öra þróun í framleiðslu á lækningavörum og lyfjum úr afurðum á borð við slóg, rækjuskel, þörungum og roði, sem fyrir skömmu þóttu verðlaus úrgangur. Öll takmörkun á fjárfestingagetu sjávarútvegsins hefur áhrif á þetta. Ef við setjum þetta í samhengi og tökum veiðigjöldin eins og þau eru lögð á núna fyrir þetta ár og reiknum það upp og hugsum um sjávarútveginn bara eins og aðrar atvinnugreinar, sem við eigum að gera, þá er venjulegt fyrirtæki að greiða 20% í tekjuskatt. Ef við reiknum tekjuskattinn sem útgerðin greiðir og leggur veiðigjöldin ofan á útgerðarhlutann þá er sjávarútvegurinn að greiða um það bil 60% í tekjuskatt. Þetta hlýtur að hafa áhrif á vaxtarmöguleika sjávarútvegsins. Nauðsynlegt er að þjóðin setji ekki fjárfestingar í sjávarútvegi í þannig skorður að hann geti ekki áfram verið það flaggskip sem hann er í dag í alþjóðlegu samhengi. Sjávarútvegur myndi nú þegar skila samfélaginu miklum tekjum og hann ætti að fá að njóta sannmælis um það og í tengslum við allar aðrar greinar. Umræðan um veiðigjöldin á að snúast um aðferðarfræði, þannig að sjávarútvegurinn fái að dafna og skila þjóðarbúinu sem mestum tekjum. Við búum við ein fengsælustu fiskimið heims og státum okkur af besta fiski í heimi, hvorki meira né minna. Þess vegna eigum við að gefa sjávarútveginum aukin sóknarfæri, ekki skattleggja hann svo að endurnýjun sé illframkvæmanleg. Nú bendir hins vegar til að aukin sóknarfæri séu í spilunum og það má ekki síst merkja á því að nýsmíði fiskiskipa er að aukast, að vísu erlendis en vonandi vakna Íslendingar upp við vondan draum og rifja upp tæknina við að smíða stálskip. Þjóð sem kennir sig við sjómennsku getur ekki verið þekkt fyrir annað, eða hvað?. Í Sölku Völku segir Halldór Kiljan Laxness; „Þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó umfram allt saltfiskur en ekki draumaríngl.”

Íslenska sjávarútvwegssýningin 2014 er handan við næsta horn í Kópavogi, sú 11. í röðinni. Ég hef komið á margar þessara sýninga, þó ekki þær fyrstu, og einnig sótt sýninguna í Bruxelles sem er risavaxinn enda sögð sú stærsta og mikilvægasta í heimi. Í öll skiptin hefur það komið mér á óvart hvað tæknin við að fullnýta aflann úr sjó er fullkomin og ég hélt að ekki væri hægt að ná slíkum árangi. En nú er svo komið að nánast ekkert hold verður eftir á beingarðinum þegar fiskinum hefur verið rennt gegnum flökunarvél. Framfarir í kælingu hafa lika tekið stórstígum framförum, enda eru kröfur neytendamarkaðaðarins orðnar slíkar að frábær meðferð aflans þarf að hefjast strax úti á sjó þegar fiskurinn kemur upp rennuna eða yfir borðstokkinn. Þanning margfaldast verðmætaaukningin, öllum til góða og gefur þjóðbúinu aukar tekjur. Það er vel þess virði að eyða dagstund við að skoða Íslensku sjávarútvegssýninguna og ég hvet lesendur til að gera það hvort sem þeir hafa atvinnu af sjávarútvegi eður ei. Þeim tíma er verulega vel varið. Góða skemmtun!

Geir A. Guðsteinsson ritstjóri

ALDAN FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG
1. TBL. 1. ÁRGANGUR 2014

ÚTEFANDI: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Ámundi Ámundason, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Landsprent, 35.000 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.

BLAÐINU ER DREIFT Í 35.000 EINTÖKUM MEÐ MORGUNBLAÐINU OG LIGGUR FRAMMI ÚTVÖLDUM STÖÐUM

Magnús Guðbrandsson, Gunnar Trausti Guðbjörnsson og Ásgrímur Pétursson.

Siglfirskir heiðursmenn á bryggjurölti!

Þessir heiðursmenn voru einn blíðviðrisdag fyrr í sumar staddir við smábátahöfnina á Siglufirði og eins og oft gerist var umræðuefnið allt milli hins og jarðar, stjórn landsins, ferðaiðnaðurinn á Siglufirði sem er á hraðri uppleið fyrir tilstilli Róberts Guðfinnssonar sem m.a. er að byggja 68 herbergja lúxushótel á staðnum. Svo var auðvitað rætt um fiskgengd fyrir norðan og horfurnar og fleira sem ekki verður fest hér á blað. Þessir heiðursmenn eru Magnús Guðbrandsson bifvélavirki, fæddur og uppalinn á Siglufirði en starfar fyrir sunnan, Gunnar Trausti Guðbjörnsson skilagerðarmaður hjá Merkismönnum í Reykjavík og uppalinn Siglfirðingur og Ásgrímur Pétursson sem býr á Siglufirði, fyrrum knattspyrnumaður með KS.

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss er fyrirtæki með **einstaka menningu** og **sterka markaðslega** forystu

Við bjóðum tæknibúnað sem byggir á tækni morgundagsins, til notkunar víða í samfélaginu.

Danfoss **í innviðum**
Stjórnbúnaður fyrir tæki til mannvirkjagerðar og fyrir orku- vatns- og fráveitur.

Danfoss **í matvælum**
Stjórnbúnaður fyrir veiðar og vinnslu í sjávarút-vegi, landbúnaðartæki, til kælingar og hitunar matvæla í vinnslu og verslun og til matar- og drykkjarvöruframleiðslu.

Danfoss **í orku**
Orkusparandi tæknilausnir fyrir orku- og vatns-veitur, vind- og sólarorku og varmadælur.

Danfoss **í loftslagi**
Orkusparandi tæknilausnir til minkunar á CO_2 í umhverfinu, t.d. búnaður til stjórnunar á hita- og loftkælikerfum, kæli- og frystikerfum, sólar- og vindorkukerfum og varmadælum.

Sjávarútvegur á Norðurlandi er öflugur

Útvegsmannafélag Norðurlands hefur staðið dyggan vörð sameiginlega áratugum saman um þá miklu byggðarlegu hagsmuni sem í sjávarútvegi þessa svæðis eru fólgnir. Þetta verklaga útvegsmanna á Norðurlandi er besta leiðin til þess að svara þeirri ómaklegu gagnrýni, dylgjum og rógi sem borinn hefur stundum verið klínt á greinina af ýmsum sjálfskipuðum talsmönnum, misjafnlega þó mikið eftir því hvað er í gangi í útvegsmálum. Stjórnmálamenn sem reyna í ljósi málefnafátæktar sinnar að telja fólki trú um að komið sé að „ögurstundu" í sjávarútvegi landsins. Eitt stærsta útgerðafyrirtæki landsins, Samherji hf., er með höfuðstöðvar á Akureyri og á Siglufirði er Þormóður Rammi – Sæberg hf. Lítum á nokkrar staðreyndir um vægi sjávarútvegs og tengdra greina fyrir efnahagslífið í Eyjafirði og svæðunum í kring.

1) 31% íbúa Eyjafjarðarsvæðisins hafa tekjur sínar frá fiskveiðum, matvæla- og drykkjarvöruiðnaði

Öflug útgerð er á Siglufirði auk þess sem ferðaiðnaðurinn er þar stöðugt marksæknari.

2) 22% af heildaraflaverðmæti og magni íslenskra skipa er skráð á skip frá Norð-Austurlandi, hæsta hlutfall allra landshluta, langstærsti hlutinn á Akureyri
3) Á Eyjafjarðarsvæðinu eru skráðar 23 útgerðir, 20 smábátaútgerðir og 15 fiskvinnslufyrirtæki
4) 5 fyrirtæki eru skráð í skipasmíðum og 5 fyrirtæki í netagerð
5) Vélstjórnar- og skipstjórnarnám er í Verkmenntaskólanum á Akureyri
6) Hólaskóli í Skagafirði er leiðandi í þekkingaruppbyggingu fiskeldis
7) Eina sérhæfða B.Sc. námið á landinu í sjávarútvegsfræðum er við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri, þar er einnig kennd líftækni, fiskeldi og umhverfisfræði
8) Stærsti fiskeldisfóðurframleiðandi landsins er staðsettur í Eyjafirði.

Sjávarútvegur, matvælaframleiðsla og tengdar greinar skipa höfuðsess í atvinnulífi Eyjafjarðar og nálægra svæða. Þá eru einnig útibú frá rannsóknastofnunum atvinnuveganna á Akureyri og þangað eru höfuðstöðvar Fiskistofu að flytja. Hafrannsóknastofnun er með útibú á Akureyri, Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins er með útibú á Akureyri, á Akureyri er Rannsóknastofnun Landbúnaðarins. Halda mætti að það væri vilji pólitíkusa til þess að standa vörð um höfuðatvinnuveg landsbyggðarinnar. Þrátt fyrir þessa augljósu staðreynd hafa að minnsta sumir stjórnmálaflokkar gegnum tíðina sett mál sitt fram með þeim hætti að helsta bjargráð byggðanna í landinu væri fólgið að rústa núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Eitthvað mun væntanlega ganga á þegar frumvarp um veiðileyfagjald verður lagt fram á Alþingi.

Siglt til veiðá Eyjafirði við Hrísey í blíðskaparveðri.

Í umræðunni um sjávarútveg er stundum alið á þeim misskilningi að fiskveiðikerfið sé sérstaklega slæmt fyrir landsbyggðina og að einstaka byggðarlög geti lent í því að aflaheimildir séu seldar úr byggðarlaginu. Þetta er rétt en ekki hverfa þessar veiðiheimildir, þær hljóta að koma einhverju því byggðarlagi til góða sem þær eru seldar til. Íslenskt samfélag hefur ekki efni á því að gera nein mistök á því sviði sem sjávarútvegurinn er. Mikilvægi hans fyrir fólkið í landi er meira en svo að það sé haft að leiksoppi.

Fiskveiðiárið 2014/ 2015

Alls fá 578 skip úthlutað aflamarki í upphafi fiskveiðiárs

Fiskistofa hefur úthlutað aflamarki fyrir fiskveiðiárið 2014/ 2015. Úthlutunin fer fram á grundvelli aflahlutdeilda að teknu tilliti til frádráttar fyrir jöfnunaraðgerðir með sama hætti og á fyrra fiskveiðiári. Að þessu sinni er úthlutað 376.026 tonnum í þorskígildum talið samanborið við um 378.828 þorskígildistonnum á sama tíma í fyrra, reiknað í þorskígildum fiskveiðiársins sem nú gengur í garð. Breyting á milli ára er því ekki mikil. Úthlutun í þorski stendur nánast í stað eða hækkar um 600 tonn og nemur rúmlega 171.800 tonnum. Ýsukvótinn dregst enn saman úr 30 þúsund tonnum í fyrra í rúm 24 þúsund tonn í ár. Nokkur aukning er í úthlutun á ufsa, skötusel, grálúðu og skarkola. Nokkur samdráttur er í gullkarfa og keilu. Þá má nefna að humarkvótinn dregst saman um 10%.

Nokkur kvóti kemur í hlut Tálknfirðinga eins og fleiri sjávarútvegsplássa þó það sé aðeins brot af því sem kemur til stærstu hafnanna..

Nú er aftur úthlutað kvóta í úthafsrækju, alls tæpum 4.700 tonnum og í fyrsta sinn er úthlutað kvóta í rækju við Snæfellsnes, um 560 tonnum. Til rækju við Snæfellsnes telst rækja í Breiðafirði sunnanverðum, í Kolluál og Jökuldýpi. Vakin er athygli á að síðar á árinu verður úthlutað aflamarki í deilistofnum og ekki er óalgengt að aukið sé við aflamark í uppsjávarfiski. Þess vegna á heildaraflamark einstakra skipa og hafna og innbyrðishlutfall þeirra eftir að breytast í kjölfar slíkra úthlutana þegar líður á fiskveiðiárið. Alls fá 578 skip úthlutað aflamarki í upphafi fiskveiðiárs 2014/ 2015. Mest aflamark fer til Guðmundar í Nesi RE-13, rúm 8.553 þorskígildistonn eða tæp 2,3% af úthlutuðum þorskígildum.

Úthlutun eftir fyrirtækjum

Fimmtíu stærstu fyrirtækin fá úthlutað sem nemur um 86% af því aflamarki sem úthlutað er og er það álíka og í fyrra. . Alls fá 459 fyrirtæki eða lögaðilar úthlutað nú eða um 30 aðilum færra en í fyrra. Sé litið til þeirra sem eru með mesta úthlutun fær HB Grandi, líkt og í fyrra, mestu úthlutað til sinna skipa eða 10,7% af heildinni, næst kemur Samherji með 6% og þá Þorbjörn hf. með 5,5%. Þetta er sama röð efstu fyrirtækja og undanfarin ár.

Úthlutun eftir heimahöfnum

Þrjár heimahafnir skera sig úr eins og undanfarin ár með að skip sem þeim tilheyra fá töluvert mikið meira úthlutað í þorskígildum talið en þær hafnir sem á eftir koma. Mest fer til skipa með heimahöfn í Reykjavík eða 13,0% af heildinni samanborið við 13,3% í fyrra. Næstmest fer nú til Grindavíkur, eða 10,5% af heildinni sem er um 2,5%-stiga aukning frá fyrra ári og fleytir þeirri höfn fram úr Vestmannaeyjum sem löngum hefur verið í öðru sæti hvað aflamark varðar. Skip með heimahöfn í Vestmannaeyjum ráða nú fyrir 10,5% úthlutunarinnar, en það felur í sér 0,7%-stiga samdrátt frá fyrra ári. Hlutfall sem fer til skipa hjá hverri höfn fyrir sig breytist í flestum tilvikum eitthvað og má rekja það til breytinga á þorskígildisstuðlum sem og tilfærslu aflahlutdeilda á milli skipa með ólíka heimahöfn. Vísað er til yfirlitstöflunnar sem tengill er í hér að neðan.

Úthlutun eftir útgerðarflokkum

Smábátar með aflamark og krókaaflamark sem fá úthlutað aflamarki eru töluvert færri í ár en á fyrra ári eða 393 samanborið við 441 áður. Skipum í aflamarkskerfinu fækkar um 24 milli ára og eru nú 258. Athygli vekur að togurum fækkar um 5 og eru nú 50. Samkvæmt útgerðarflokkun Fiskistofu fá skuttogarar úthlutað tæpum 200 þúsund tonnum af því heildaraflamarki sem úthlutað var að þessu sinni o g skip með aflamark fá tæp 190 þúsund tonn. Smábátar með aflamark og krókaaflamarksbátar fá tæp 46 þúsund tonn. Vakin er athygli á því að krókaaflamarksbátar fá eingöngu úthlutað þorski, ýsu, ufsa, gullkarfa, löngu, keilu og steinbít. Rétt er að nefna að við úthlutun nú nú fór að nýju fram á úthafsrækju eftir nokkurra ára hlé þar sem hún var utan kvóta og við innleiðingu á kvóta fyrir rækju við Snæfellsnes þá fá tvö skip án veiðileyfa úthlutað kvóta í þeim tegundum vegna veiðireynslu á undanförnum árum.

Skel- og rækjubætur

Töluvert minna magni er úthlutað nú í upphafi árs sem skel- og rækjubótum en í fyrra eða um 1.775 þorskígildistonnum og fara þau til 42 skipa samanborið við 120 skip á fyrra ári.

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Frábær verð á stillanlegum rúmum

Gerðu gæða- og verðsamanburð

KORTER.IS

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum

Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

Kíktu á www.reverie.com

REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Frábær hönnun

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur. Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti

Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð	Verð
153x203	144.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	169.900 kr.
180x210	179.900 kr.

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
www.svefn.is Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

„Rekstur Samherja árið 2013 gekk að mörgu leyti vonum framar“

- segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja

Hagnaður ársins 2013 hjá Samherja á Akureyri nam tæpum 22 milljörðum króna. Hagnaður af sölu eigna 8,1 milljarðar króna. Samherji greiðir 1,7 milljarð króna í tekjuskatt til Ríkissjóðs

- Hagnaður ársins tæpir 22 milljarðar króna.
- Hagnaður af sölu eigna 8,1 milljarðar króna.
- Samherji greiðir 1,7 milljarð króna í tekjuskatt til Ríkissjóðs Íslands og 1 milljarð í veiðileyfagjald, samtals 2,7 milljarða.
- Tæpur helmingur af starfsemi Samherja samstæðunnar er erlendis.
- Félög Samherja starfa í ellefu löndum, gera upp í níu mismunandi gjaldmiðlum. Samherji hf. er eignarhaldsfélag um eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem flest tengjast sjávarútvegi og vinnslu afurða hérlendis og erlendis. Rekstur útgerðar og fiskvinnslu á Íslandi er í félögunum Samherji Ísland ehf. og Útgerðarfélag Akureyringa ehf. og rekstur fiskeldis er í félögum í eigu Oddeyrar ehf. Félög samstæðunnar starfa í ellefu löndum og gera upp í níu mismunandi gjaldmiðlum. (EUR, USD, GBP, ISK, CAD, PLN, DKK, NOK og NAD). Samstæðureikningur Samherja er settur fram í evrum en í tilkynningunni eru tölur umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins 2013 sem var 162 krónur á hverja evru.

Þeir frændur og helstu eigendur Samherja, Kristján Vilhelmsson útgerðarstjóri og Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri geta með sanni verið ánægðir með með rekstur fyrirtækisins. Myndin er tekin á sjávarútvegssýningu í Bruxelles. Með þeim er lengst t.v. Finnbogi Baldvinsson, bróðir Þorsteins Más en Finnbogi er nú framkvæmdastjóri Pickenpack Europe GmbH í Þýskalandi.

Rekstrartekjur Samherja og dótturfélaga voru tæpir 90 milljarðar króna árið 2013 eins og árið áður. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 25,4 milljörðum króna, samanborið við 21,7 milljarða árið á undan. Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 25,5 milljörðum og að teknu tilliti til tekjuskatts var hagnaður ársins 21,9 milljarðar króna. Þetta er fimmta árið í röð sem allar afkomueiningar samstæðunnar skila hagnaði. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar í lok ársins 2013 samtals 110,7 milljörðum króna. Heildarskuldir og skuldbindingar á sama tíma voru 45,9 milljarðar og bókfært eigið fé 64,8 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 58,5% í árslok. Veltufjármunir námu 40,8 milljörðum króna og nettóskuldir samstæðunnar voru jákvæðar sem nemur 6,1 milljarði króna. Skuldir við innlendar lánastofnanir námu um 22 milljörðum króna í árslok og hafa lækkað um tæpa 5 milljarða króna það sem af er árinu 2014. Skuldir við innlendar lánastofnanir hafa frá árslokum 2012 lækkað um ríflega 20 milljarða.

Fjárfest fyrir 5,1 milljarð króna

Fjárfestingar samstæðunnar á síðasta ári námu samtals 5,1 milljarði króna. Stærsta fjárfestingin á árinu 2013 var í línuskipinu Önnu EA sem keypt var frá Noregi. Skipið er gert út til línuveiða á Íslandi. Einnig var fjárfest í flutningaskipi sem flytur frystar afurðir á fjarlægari markaði í Afríku og Austur Evrópu. Aðrar fjárfestingar ársins voru flestar í framleiðslutækjum og breytingum á skipum, Frystitogarinn Baldvin NC sem er í eigu DFFU í Þýskalandi var meðal annars lengdur á árinu.

Dótturfélög Samherja hf. seldu fimm skip og aðrar eignir sem tengjast útgerð við strendur Afríku. Hagnaður af sölu þessara eigna nam 7,7 milljörðum fyrir tekjuskatt og hefur hann veruleg áhrif á heildarafkomu félagsins.

„Rekstur okkar árið 2013 gekk að mörgu leyti vonum framar auk þess sem sala eigna hefur mikil áhrif á afkomuna sem er í heild mjög góð“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.

Hann segir að hins vegar séu alltaf blendnar tilfinningar þegar eignir séu seldar en á árinu voru eignir sem tengjast útgerð við Afríku og vörumerki seld og er þriðjungur hagnaðar ársins söluhagnaður vegna þess. „Við seldum góðar eignir sem búið var að leggja mikla vinnu í að breyta og bæta. Það er því alltaf ákveðin eftirsjá þegar horft er til baka og ekki síst í því góða fólki sem hafði tekið þátt í þessu með okkur. Efnahagur okkar og rekstur minnkaði umtalsvert í kjölfarið og verkefni okkar er að fylla í það skarð á næstu misserum.

Þorsteinn Már bendir á að tæpur helmingur af veltu samstæðunnar komi frá dótturfélögum Samherja erlendis og að þar hafi gengið mjög vel. „Veiðar hjá erlendum dótturfélögum okkar í Barentshafi gengu vel á árinu. Það hefur líka gengið vel í Namibíu þar sem við gerum út frystiskip og rækjuveiðar í Kanada gengu mjög vel eins og árið á undan.“

Mikill árangur á Íslandi

Hjá Samherja hf. og dótturfélögum starfa nú um 700 manns á Íslandi. Þorsteinn Már segir að margt hafi gengið vel hér heima. „Landvinnsla bolfisks í fiskvinnslum félagsins við Eyjafjörð hefur gengið vel. Í þeim fiskvinnslum tókum við á síðasta ári á móti meira hráefni en nokkru sinni fyrr. Það er stórt verkefni að vinna verðmætar afurðir úr tæpum 30 þúsund tonnum af bolfiski á ári. Okkur tókst að fylgja þessari miklu framleiðslu eftir í markaðsstarfinu en þar teljum við vera mikil tækifæri í framtíðinni. Veiðar flestra tegunda á Íslandi gengu einnig vel. Aflaverðmæti Vilhelms Þorsteinssonar EA á árinu var 4,3 milljarðar króna. Það er afbragðsgóður árangur sem ekki næst nema allir geri sitt besta, í veiðum, vinnslu, sölu og dreifingu.“

Höfuðstöðvar alþjóðlegs sjávarútvegsfyrirtækis á Íslandi

„Sá árangur sem starfsfólk Samherja hefur enn á ný náð er ekki síður markverður fyrir það að á sama tíma hafa stjórnvöld haldið áfram aðgerðum sínum gegn félögum í samstæðunni. Þessar aðgerðir hafa óhjákvæmilega tekið mikla orku og tíma frá stjórnendum og starfsfólki sem gjarnan vildi sinna uppbyggilegri hlutum. Ég er ekki tilbúinn að sætta mig við að höfuðstöðvar alþjóðlegs sjávarútvegsfyrirtækis geti ekki verið á Íslandi en umhverfið hér í dag er farið að hafa neikvæð áhrif og jafnvel hamla okkar starfsemi. Ég hef sagt það oft áður að sjávarútvegur er alþjóðleg atvinnugrein. Velgengnin byggist að stórum hluta á þekkingu og áræði starfsfólksins, hvort heldur er í veiðum, vinnslu eða markaðssetningu. Þegar samviskusamt og duglegt fólk með mikla þekkingu úr skóla lífsins leggst saman á árarnar er hægt að ná afbragðsárangri,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.

MAREL kynnir nýja kynslóð vinnslulína fyrir hvítfisk

Í ár kynnir Marel næstu kynslóð vinnslulína fyrir hvítfisk, FleXicut, sem nýlega vann nýsköpunarverðlaun á Nor-Fishing sjávarútvegssýningunni í Noregi. FleXicut notar háþróaða röntgentækni til að greina beingarð í hvítfiski og sker beingarðinn burt með vatnsskurði af mikilli nákvæmni og hlutar flakið niður. Auk þess kynnir Marel Innova, framleiðsluhugbúnaðinn sem gerir framleiðendum kleift að hámarka nýtingu og afköst, uppfylla gæðakröfur og tryggja matvælaöryggi. Á sýningarbás Marel á sjávarútvegssýningunni verða sérfræðingar og ráðgjafar í fiskiðnaði sem veita ráð um tækninýjungar í fiskvinnslu, þjónustusamninga og lausnir sem hentar öllum sem eru í fiskvinnslu.

Sýningarbás MAREL á sjávarútvegssýningunni 2011. Þar var oft margt um manninn og eins má gera ráð fyrir töluverði umferð þar á sýningunni nú.

Happastund

Á fimmtudag og föstudag milli 16.00 og 17.00 býður Marel í Happastund í tilefni af opnun Progress Point, nýs sýningarhúss Marels í Kaupmannahöfn. Í Progress Point fá viðskiptavinir Marel tækifæri til að kynnast frá fyrstu hendi hvernig tæki, kerfi og lausnir Marel geta hjálpað þeim að bæta nýtingu, auka arðsemi og skapa þannig meiri verðmæti í sínum iðnaði. Starfsmenn Marel hvetja sýningargesti til að koma og upplifa sanna danska stemmingu með Kim Larsen, Carlsberg, ákavíti og smørrebrød svo fátt eitt sé nefnt. Þeir sem skrá sig rafrænt í Happastund eiga kost á vinningum, meðal annars flug og gistingu á viðburð að eigin vali í Progress Point í Kaupmannahöfn 2015.

FleXicut.

Sjávarútvegur á Austurlandi í örum vexti

Umfang sjávarútvegs á Austurlandi hafur vaxið jafnt og þétt og allar niðurstöður benda til þess að þróunin muni halda áfram á næstu árin. Þetta er megin niðurstaða úttektar sem unnin er af Ásgeiri Friðriki Heimissyni hagfræðinema við Háskóla Íslands. Úttektin, sem ber heitið „Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum“, nær til sjávarútvegs á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Mjóafirði, Neskaupstað, Seyðisfirði, Stöðvarfirði og Vopnafirði. Helstu sjávarútvegsfyrirtækin á þessu svæði eru Brimberg hf. , Eskja hf. , Gullberg hf., Loðnuvinnslan hf. , Síldarvinnslan hf. og auk þess starfrækir HB Grandi hf. næstum alla uppsjávarvinnslu sína á Vopnafirði. Í úttektinni er lagt mat á heildarumfang sjávarútvegs þessara fyrirtækja og leitast við að sundurliða hlut hans. Í skýrslunni kemur fram að sjávarútvegur af svæðinu hefur mikil áhrif á hagkerfi landsins. Beint framlag áðurnefndra sjávarútvegsfyrirtækja árið 2012 var 17% af beinu framlagi sjávarútvegs á landsvísu; 4,2% af landsframleiðslu árið 2012 og útflutningsverðmæti sjávarafurða var u.þ.b.46 milljarðar eða 17,3% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2012 og 7,3% af heildar útflutningsverðmæti Íslendinga það ár.

Mikil uppbygging hefur verið á Austfjörðum og umfang sjávarútvegs á svæðinu vaxið jafnt og þétt. Allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram næstu árin. Framleiðni í sjávarútvegi á svæðinu er mikil, hefur vaxið um 20% að meðaltali á ári síðan 2005 og mun meira að meðaltali en í öðrum atvinnugreinum og í sjávarútvegi á landsvísu. Þá er framleiðni vinnuafls í fiskvinnslu á Austfjörðum 25% meiri en í fiskvinnslu að meðaltali á landinu. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að 3.400 til 4.700 störf í hagkerfinu séu tilkomin vegna umfangs sjávarútvegs á því svæði sem skoðað var en þar af starfa einungis 618 beint við sjávarútveg. Skýrsla þessi er unnin í samstarfi við Útvegsmannafélag Austurlands fyrir Austurbrú. Tekur hún til athafnasvæðis sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum og annarra fyrirtækja sem teljast til sjávarklasans og eru staðsett á Austfjörðum. Undanfarin ár hefur verið bent á að sjávarútvegur er ekki eins mikilvægur fyrir atvinnulífið á Austfjörðum og áður fyrr vegna tilkomu Alcoa Fjarðaáls. Það vill þó gleymast í umræðunni að þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins hefur höfuðstöðvar sínar á Austfjörðum ásamt öðrum stórum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það er því verðugt rannsóknarefni að greina umfang sjávarútvegs á svæðinu og bera saman við heildarumfang sjávarútvegsins á landsvísu ásamt því að meta hlut sjávarútvegs í hagkerfi Austurlands. Í skýrslunni er lagt mat á heildarumfang sjávarútvegs á Austfjörðum og leitast við að sundurliða hlut sjávarútvegs sem er þar staðsettur. Skýrsla þessi tekur einungis til fiskveiða og fiskvinnslu og þeirrar starfsemi sem tengist sjávarútvegi beint og óbeint.

Austurbrú vinnur að hagsmunum íbúa á Austurlandi

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Þeir lögaðilar sem hafa starfsstöð eða lögheimili á Austurlandi og gera þjónustu- eða samstarfssamninga við Austurbrú verða hagsmunaðilar. Fulltrúaráð Austurbrúar er skipað fulltrúum stofnaðila og skráðra hagsmunaaðila.

Austurbrú vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin er í forsvari fyrir þróun: samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi. Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta. Stofnunin er með dreifsettar starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Meginmarkmiðið með henni er að vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu á þjónustu, nýta sameinað afl til að sækja fram, kalla eftir nýjum verkefnum, bæði innlendum og erlendum, og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta. Hún er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Geysileg áhrif á sveitarfélög

Geí samantekt sem Halldóra Traustadóttir, ritstjóri Austurlands, gerði um skýrsluna segir m.a. : „Helstu sjávarútvegsfyrirtækin á þessu svæði eru Brimberg hf. , Eskja hf. , Gullberg hf. , Loðnuvinnslan hf. , Síldarvinnslan hf. og auk þess starfrækir HB Grandi hf. næstum alla uppsjávarvinnslu sína á Vopnafirði. Í úttektinni er lagt mat á heildar umfang sjávarútvegs þessara fyrirtækja og leitast við að sundurliða hlut hans. Í skýrslunni er Síldarvinnslunni hf. í Neskaupstað, Eskju hf. á Eskifirði, Loðnuvinnslunni hf. á Fáskrúðsfirði, Gullbergi hf. og Brimbergi ehf. á Seyðisfirði og HB Granda hf. sem er með rekstur á Vopnafirði líst og með réttu bent á geysileg áhrif þessara fyrirtækja á sveitarfélögin sem þau starfa í.

Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað er í dag eitt af stærstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 50 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Fyrirtækið er það stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi. Fyrirtækið starfrækir fullkomið fiskiðjuver þar sem fram fer frysting á bolfiski og uppsjávarfiski. Uppsjávarvinnslan er ein sú fullkomnasta á landinu þar sem hægt er að frysta u.þ.b.520 tonn af afurðum á sólarhring þegar best lætur. Fyrirtækið starfrækir þrjár vel útbúnar fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur. Verksmiðjan í Neskaupstað getur unnið úr um 1.250 tonnum hráefnis á sólarhring og sú á Seyðisfirði afkastar u.þ.b.1.100 tonnum hráefnis á sólarhring. Sú þriðja er í Helguvík. Síldarvinnslan gerir út þrjú skip til veiða á uppsjávarfiski, eitt frystiskip og eitt ísfiskskip.

Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins í sjávarútvegi. Nýlega kom Hoffell SU, eitt skipa útgerðarinnar, til heimahafnar eftir breytingar.

Fáskrúðsfjörður hefur verið öflugur útgerðarstaður frá ómunatíð.

Eskja hf. á Eskifirði er eitt af leiðandi sjávarútvegsfyrirtækjum landsins sem gerir helst út á uppsjávarfisk. Í 70 ár hefur félagið verið kjölfesta atvinnulífs á Eskifirði og starfrækir nú tvö uppsjávarfiskiskip og eitt línuskip. Eskja rekur eina af fullkomnustu fiskimjölsverksmiðju Íslands sem getur unnið úr u.þ.b.1.000 tonnum hráefnis á sólarhring.

Loðnuvinnslan hf. á Fáskrúðsfirði var stofnuð árið 2001. Loðnuvinnslan er dótturfyrirtæki Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga sem hóf fiskvinnslu og útgerð árið 1954. Loðnuvinnslan rekur fiskimjölverksmiðju sem getur unnið úr u.þ.b.800 tonnum hráefnis á sólarhring, frystihús fyrir bolfisk og uppsjávarvinnslu og einnig hefur hún aðstöðu fyrir síldarsöltun. Þá gerir fyrirtækið út einn ísfisktogara og eitt uppsjávarfiskiskip.

Gullberg hf. gerir út ísfisktogarann Gullver frá Seyðisfirði og landar hann öllum sínum afla til Brimbergs ehf. Brimberg hóf rekstur fiskvinnslu á Seyðisfirði fyrir 10 árum og er aðal uppistaða rekstursins vinnsla á bolfisktegundum.

HB Grandi hf. hóf rekstur uppsjávarvinnslu bæði til manneldisvinnslu og mjöl og lýsisframleiðslu á Vopnafirði árið 2005. Fyrir þann tíma hafði Tangi hf. útgerð á svæðinu og hefur starfsemi sjávarútvegs alltaf verið kjölfesta í atvinnulífi Vopnfirðinga. Uppsjávarvinnsla HB Granda á Vopnafirði er ein sú full komnasta á landinu þar sem hægt er að frysta u.þ.b.400 tonn af afurðum á sólarhring. Einnig er ein af fullkomnustu fiskimjölverksmiðjum Íslands á Vopnafirði þar sem hægt er að vinna úr u.þ.b.1.150 tonnum hráefnis á sólarhring.

Hlutfall fiskvinnslu 57%

Hlutfall fiskvinnslu í virðisaukasjávarútvegs á Austfjörðum hefur að meðaltali verið 57% á Austfjörðum undanfarin ár og var komið upp í 59% árið 2012. Á sama tíma var þetta hlutfall einungis 35% á landinu öllu. Skýringuna má finna í þeim fullkomnu fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðjum sem er að finna á Austfjörðum.

Í skýrslunni kemur fram að sjávarútvegur af svæðinu hefur mikil áhrif á hagkerfi landsins. Beint framlag áðurnefndra sjávarútvegsfyrirtækja árið 2012 var 17% af beinu framlagi sjávarútvegs á landsvísu; 4,2% af landsframleiðslu árið 2012 og útflutningsverðmæti sjávarafurða var u.þ.b.46 milljarðar króna,ða 17,3% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2012 og 7,3% af heildar útflutningsverðmæti Íslendinga það ár. Beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu hefur aukist undanfarin ár. Ástæðan fyrir aukinni hlutdeild sjávarútvegs er margþætt. Við gengisfall krónunnar 2008 varð hagur útflutningsgreina meiri. Allar tekjur útflutningsgreina eru í erlendum gjaldmiðlum og fá þær því meira af íslenskum krónum fyrir afurðir sínar vegna lægra gengis krónunnar, jafnvel þó að verið sé að selja þær á sama verði og áður. Atvinnuvegir eins og sjávarútvegur inn njóta því góðs af gengisfallinu og útskýrir það hækkun hlutfalls í landsframleiðslu að hluta til.

Mikil uppbygging hefur verið á Austfjörðum og umfang sjávarútvegs á svæðinu vaxið jafnt og þétt. Allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram næstu árin. Framleiðni í sjávarútvegi á svæðinu er mikil, hefur vaxið um 20% að meðaltali á ári síðan 2005 og mun meira að meðaltali en í öðrum atvinnugreinum og í sjávarútvegi á landsvísu. Þá er framleiðni vinnuafls í fiskvinnslu á Austfjörðum 25% meiri en í fiskvinnslu að meðaltali á landinu. Þessa miklu framleiðni má að mati skýrsluhöfundar öðru fremur rekja til skynsamra fjárfestinga, fagþekkingar og öflugs mannauðar. Sjávarútvegsfyrirtækin á Austfjörðum borguðu u.þ.b. 4,5 milljarða króna í opinber gjöld árið 2012, þar af borguðu þau u.þ.b. 9% af tekjusköttum lögaðila á landinu það ár. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að 3.400 til 4.700 störf í hagkerfinu séu tilkomin vegna umfangs sjávarútvegs á því svæði sem skoðað var en þar af starfa einungis 618 beint við sjávarútveg. Í skýrslunn kemur fram að um 9.100 manns starfi við sjávarútveg á landinu öllu en störfum við sjávarútveg fækkaði jafnt og þétt fram til ársins 2008, aðallega vegna tækniframfara, en störfum hefur fjölgað aftur frá 2008 vegna aukins aflamagns en vinnsla uppsjávarfisks krefst mikils mannafla í landi.

Hlutfall fiskvinnslu í virðisaukasjávarútvegs á Austfjörðum hefur að meðaltali verið 57% á Austfjörðum undanfarin ár og var komið upp í 59% árið 2012. Á sama tíma var þetta hlutfall einungis 35% á landinu öllu. Skýringuna má finna í þeim fullkomnu fiskvinnslum og fiskimjölsverksmiðjum sem er að finna á Austfjörðum.

Óbein áhrif sjávarútvegs

Textíliðnaður er sú atvinnugrein sem er mest háð sjávarútveginum en yfir helming af heildarveltu hans má rekja til sjávarútvegs, eða 51%. Undir textíliðnað fellur netagerð og ýmis veiðafæraþjónusta. U.þ.b.29% af tekjum málmsmíða og viðgerða koma frá viðskiptum við sjávarútveginn, en undir hann fellur almenn málmþjónusta, blikksmíði og viðhald á tækjum. Næst kemur blönduð heildverslun sem fær u.þ.b.21% af sínum tekjum frá sjávarútvegi. Undir þessa atvinnugrein flokkast fyrirtæki eins og Samhentir, Saltkaup og Oddi en þau fyrirtæki sjá sjávarútveginum fyrir umbúðum. Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti fær u.þ.b.16% af sinni veltu frá sjávarútvegi. Undir þessa atvinnugrein flokkast öll olíu og eldsneytiskaup landsmanna og sést að sjávarútvegurinn á drjúgan þátt í þeim. Um 13% af veltu fjármálaþjónustu og vátryggingastarfsemi kem ur frá sjávarútvegi, fyrst og fremst vegna tryggginga á veiðiskipum og frystihúsum. Um 9% af veltu flutninga á landi og sjó og vöruflutninga með flugi koma frá sjávarútveginum. Hér er þó örugglega um vanmat að ræða þar sem flutningskostnaður greiðist oftast af seljanda eða kaupanda þegar afurðir eru keyptar og eru því innifaldar í verði og er því flutningskostnaðurinn ekki bókaður sem slíkur í þannig viðskiptum.

Hlutdeild sjávarútvegs af veltu rafmagns, gas og hitaveita er u.þ.b.4%, sem mun að öllum líkindum færast í aukana á næstu árum með rafmagnsvæðingu fiskimjölverksmiðja. Heildverslun með hráefni úr landbúnaði og lifandi dýr fær u.þ.b.1,3% af sinni veltu frá sjávarútveginum, felast þessi viðskipti fyrst og fremst í sölu á sjávarafurðum. Óbein áhrif sjávarútvegs eru því geysimikil.

Athafnasvæði Síldarvinnslunnar á Neskaupstað.

Síldarvinnslan er burðarás í atvinnulífi Neskaupstaðar

Síldarvinnslan er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins á sviði vinnslu uppsjávarfisks til manneldis. Síldveiðar úti fyrir Austfjörðum ganga nú vel og síðasta sunnudag voru skipin Seyðisfjarðardýpi og Norðfjarðardýpi. Börkur NK kom á sunnudag með allt að 800 tonn en aflinn fer eins mikið og hægt er til manneldisvinnslu. Það eykur til muna verðmætið, bæði fyrir skip og landvinnslu. Verðmætasköpunin er höfð að leiðarljósi allt frá því að skipið leggur úr höfn til veiða.

Eskja með menningarlegt samstarf við Biomar í Noregi

Útgerðar- og fiskverkunarfyrirtækið Eskja á Eskifirði og Biomar A/ S í Noregi hafa nú í tvö ár staðið fyrir menningarviðburðum í heimahéröðum sínum – Myre í Vesterålen og á Eskifirði – undir heitinu Rytmeför. Hafa tónlistarmenn á vegum Eskju farið utan og haldið tónleika og norskir tónlistarmenn komið til Eskifjarðar á vegum Biomar. Nú í ár fór fyrir hönd Eskju, Garðar Eðvaldsson, 19 ára saxafónleikari. Spilaði hann á þremur tónleikum í Myre, Sortland og Bö. Hefur þetta menningarsamstarf fyrirtækjanna vakið mikla athygli í Norður-Noregi sem og hér á landi þar sem þetta er óvanalegt að fyrirtæki hafi með sér slíkt samstarf.

Eskifjörður.

Það er markmið Eskju hf. að vera leiðandi á sínu sviði og uppfylla ávallt væntingar viðskiptavina sinna. Til að tryggja það markmið er lögð áhersla á bestu mögulegu gæði hráefnis og afurða allt til neytenda. Fylgt er þeim lögum og reglugerðum sem við eiga hverju sinni. Fyrirtækið nýtir bestu framleiðslutækni sem býðst á hverjum tíma. Stuðst er við þau gæðakerfi sem best tryggja að markmið fyrirtækisins í gæðamálum hverju sinni nái fram að ganga. Rekjanleiki afurða frá neytenda til veiðistaðar er tryggður. Það er stefna Eskju hf. að allir starfsmenn fyrirtækisins fái þá þjálfun og menntun sem þeir þarfnast til að þeir geti sinnt starfi sínu af ánægju og nái að sýna hæfni í starfi þannig að væntingar viðskiptavina og starfsmanna fari ávallt saman.

Umhverfisstefna

Það er stefna Eskju að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í sem bestri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfið af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru. Ávallt er stefnt að hámarks nýtingu hráefna og orkugjafa. Fyrirtækið leitast við að nota efni, rekstrarvörur og umbúðir sem eru umhverfisvænar. Úrgangi og losun frá skipum og deildum er leitast við að halda í lágmarki og að til þess sé séð að losun úrgangs sé ætíð á þann hátt að ekki valdi skaða í náttúru eða umhverfi. Allt starfsfólk Eskju er meðvitað um umhverfisstefnu þess og fær það tækifæri til að taka þátt í mótun og þróun hennar þannig að þeir sjái hag sinn og fyrirtækisins fara saman.

Alþjóðahvalveiðiráðið:

Grænlendingum leyft að veiða hvali, m.a. 10 hnúfubaka

Aðalfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins var haldinn í Slóveníu í síðustu viku. Meðal þeirra mála sem afgreidd voru á fundinum var kvóti fyrir frumbyggjaveiðar Grænlendinga, en ráðið hafði lagst gegn þessum veiðum á seinasta fundi sínum árið 2012. Samkvæmt niðurstöðu ráðsins mega Grænlendingar veiða árlega næstu fjögur árin 19 langreyðar, 176 hrefnur, 2 norðhvali og 10 hnúfubaka. ESB greindi ráðinu frá yfirlýsingu sem stjórnvöldum á Íslandi var afhent fyrr í þessari viku þar sem hvalveiðum Íslendinga í atvinnuskyni var mótmælt. Ísland undirstrikaði að veiðarnar væru sjálfbærar og í samræmi við veiðiráðgjöf sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar og úttektir vísindanefnda Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins

Hnúfubakur.

(NAMMCO) og Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Ísland lýsti vonbrigðum sínum með að tímabundið bann við hvalveiðum „moratorium" sem tók gildi árið 1986, hefði enn ekki verið endurskoðað. Slík endurskoðun hefði átt að fara fram eigi síðar en árið 1990 en það hefði ekki hlotið stuðning innan ráðsins síðan. Niðurstöður rannsókna sýna að margir hvalastofnar hafa þegar náð þeirri stærð að nýta megi þá á sjálfbæran hátt.

Aflaheimildir fiskveiðiársins 2014-2015:

HB-Grandi með10,67% af heildarúthlutuninni

Samkvæmt úthlutun sjávarútvegsráðuneytisins á aflaheimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár, koma alls 40.125 þorskígildistonn í hlut skipa HB-Granda. Það samsvarar 10,67% af heildarúthlutun fiskveiðiársins. Þetta er 0,50% lægri hlutdeild en HB Grandi var með í upphafi fiskveiðiárs. Skýringin er sú að misjafnt er hve mikið vægi einstaka fisktegundir hafa í þorskígildum frá ári til árs.

Þerney RE, eitt skipa HB-Granda.

Ef litið er á úthlutunina fyrir fiskveiðiárið kemur í ljós að heildarkvótinn nemur alls tæplega 439 þúsund tonnum eða rúmlega 376 þúsund þorskígildistonnum. Um er að ræða lítilsháttar samdrátt milli fiskveiðiára en sambærilegar tölur fyrir fiskveiðiárið 2013/ 14 voru 443,3 þúsund tonn og 381,4 þúsund þorskígildistonn.

HB-Grandi fær úthlutað alls 48.853 tonnum af kvóta í hinum ýmsu tegundum en sambærileg tala fyrir nýliðið fiskveiðiár var 50.352 tonn. Sem hlutfall af heildarúthlutun í tonnum talið er hlutdeild HB Granda nú 11,13% en hún var 11,36% á síðasta fiskveiðiári. Vert er að hafa í huga að eftir á að gefa út kvóta í deilitegundum eins og norsk-íslenskri síld, loðnu, makríl og kolmunna en sú úthlutun miðast venju samkvæmt við almanaksárið.

wise - snjallar lausnir
wisefish sjávarútvegslausnir
Við vonumst til að sjá þig á IceFish sjávarútvegssýningunni í Fífunni, Kópavogi, dagana 25.-27. september.
Þar munum við kynna nýjustu útgáfu af WiseFish sjávarútvegslausnum, vottaða af Microsoft fyrir Dynamics NAV, ásamt greiningartólum Wise.
Líttu við á bás G19 fyrir kynningu á okkar lausnum.

545 3200 wise.is sala@wise.is
wise Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri sími: 545 3200 » www.wise.is
Microsoft Partner 2014 Partner of the Year Winner Iceland
Microsoft Dynamics NAV
Microsoft Partner Gold Enterprise Resource Planning Silver Independent Software Vendor (ISV)

SUMARTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

VH/14-01

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

50%
afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM miðað við verðskrá Flytjanda á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS
sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

Velkomin
á Rauðkutorg á Siglufirði

Hannes Boy er hlýlegur og sérstæður veitingasalur sem getur tekið við stórum sem smáum hópum.
Á **Kaffi Rauðku** er glæsilegur salur sem tekur allt að 130 manns í sæti.
Salirnir henta sem veislu-, funda- og ráðstefnusalir.
Staðirnir eru vel staðsettir við smábátahöfnina og geta gestir því notið útsýnis yfir höfnina.

Minnum á okkar sívinsælu jólahlaðborð í nóvember og desember!

Nánari upplýsingar:
S: 461·7730
eða sendið tölvupóst á:
eldhus@raudka.is
www.raudka.is

„Vinnutíminn í landvinnslunni mundi lengjast og nýtast betur ef hér væri boðlegt vegakerfi“

- segir Guðjón Indriðason, framkvæmdastjóri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Þórsbergs á Tálknafirði

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Þórsberg á Tálknafirði var stofnað 1975 af Magnúsi Guðmundssyni en framkvæmdastjóri Þórsbergs er Guðjón Indriðason, tengdasonur Magnúsar, ættaður frá Grenivík. Guðjón segir að hann hafi flust til Tálknafjarðar 1970 og enn séu um 60 km af vegakaflanum milli Flókalundar og Bjarkalundar með sömu ummerkjum og fyrir hálfri öld, og sjaldan heflaður. Það sé fremur illa farið iðulega með verðmætan afla að flytja hann í flutningabíl um þennan mjög svo slæma veg svo það er oftast Breiðafjarðarferjan Baldur sem leysir vandann, þangað er framleiðslunni ekið í ferjuna á Brjánslæk, hún fer í land í Stykkishólmi og þaðan ekið eftir vegum sem eru boðlegir á árinu 2014. „Ef það væri boðlegur vegur alla leiðina suður mundi vinnutíminn í landvinnslunni í Þórsbergi nýtast mun betur því við þurfum að vera búin að afhenda vöruna sem á að fara í flug í síðasta lagi kl. fjögur á daginn í bílana svo þeir nái áætlun ferjunnar. Ef það væri hins vegar akfært alla leið værum við með fullan vinnudag hér á Tálknafirði, jafnvel lengur ef mikill afli berst til vinnslu. Við vinnum líka fisk í frystingu og saltfisk, en auðvitað þarf sá fiskur einnig að komast á markað, og hann er einnig fluttur með ferjunni. Að þurfa að klifra yfir fjöll með framleiðsluna finnst mér ansi önugt. Kleifarheiðin getur auðvitað verið erfið og þá kemst maður ekkert, og austar eru svo Kletthás, Ódrjúgsháls og Hjallaháls, allt miklir farartálmar.“

Guðjón Indriðason.

Dragnótabáturinn Aðalberg BA-236, einn báta Þórsbergs, við bryggju á Tálknafirði. Aftan við hann má sjá fiskeldiskví, líklega nokkuð táknrænt fyrir útgerðar- og atvinnumynstrið á Tálknafirði.

Merkilegar hríslur í Þorskafirði

„Það vekur hins vegar furðu mína og margra annarra að það skuli verða til svo merkilegar hríslur í Þorskafirði að það stöðvi vegaframkvæmdir og sumarbústaðaeigendur á Hallsteinsnesi skuli komast upp með það að halda heilum landshluta nánast í gíslingu eins og dæmin sanna með Teigskóg.

Um 1970 var haldið Fjórðungsþing Vestfirðinga í Reykjanesi og þar var samþykkt að leiðin frá Ísafirði á suðvesturhorn landsins og suður skyldi liggja gegnum jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, þaðan yfir Dynjandisheiði um Barðaströnd og suður í Borgarfjörð. En allt annað hefur verið framkvæmt en samkvæmt þessari áætlun, nú er ekið um láglendisveg um Ísafjarðardjúpið um Steingrímsfjarðarheiði og Þröskulda. Þar áður var samþykkt að leiðin ætti að liggja um Kollafjarðarheiði, en ekki varð af því fremur en mörgu öðru í vegamálum enda fáránlegt að við á suðurfjörðum Vestfjarða þyrftum að fara austur yfir Kletthás til að komast til Ísafjarðar. Hefði það hins vegar verið framkvæmt væri fyrir löngu búið að leggja veg um Teigskóg. Stysta leiðin suður á höfuðborgarsvæðið er enn um jarðgöng til Arnarfjarðar og um láglendisveg um Barðaströndina. Það þarf því engan að undra að við séum orðin leið á þessu óviðunandi vegakerfi og ekki síður á skilningsleysi stjórnvalda. Við eigum betra skilið miðað við þau verðmæti sem við leggjum til gjaldeyrisöflunar með okkar útflutningsvörum,“ segir Guðjón Indriðason.

Hraðfrystihúsið – Gunnvör lætur smíða togara í Kína

Hraðfrystihúsið – Gunnvör í Hnífsdal gerir út tvo ísfisktogara, Stefni ÍS-28 sem landar að mestu á markað og Pál Pálsson ÍS-102 sem aflar hráefnis fyrir landvinnslu félagsins í Hnífsdal. Framleiðsla sjófrystra afurða byggist eingöngu á vinnslu flakafrystiskipsins Júlíusar Geirmundssonar ÍS-270.

Helstu afurðir og markaðir eru þeir að þorskur, millilögð flök fer að mestu á Bandaríkamarkað og Bretlandsmarkað, ýsuflök, millilögð á Bandaríkjamarkað og Bretlandsmarkað og grálúða, aðallega haus- og spordskorin á Asíumarkað. Karfi, heill og hausaður fer á Asíu- og Suður-Evrópumarkaðen aðrar tegundir eru heilfrystar með haus eða hausskornar.

Nýr togari smíðaður í Kína

Hraðfrystihúsið-Gunnvör lætur smíða nýjan togara fyrir 1,5 milljarð króna. Skipið verður smíðað í Rongcheng í Kína eftir íslenskri hönnun og er afhending eftir 14 mánuði. Skipið verður sparneytnara og mun afkastameira en núverandi skip. Um talsverð tímamót er að ræða það sem þetta er stærsta einstaka fjárfesting sem gerð hefur verið í sjávarútvegi á Vestfjörðum um langa hríð. Þörf hefur verið á endurnýjun á hluta skipa HG sem komin eru til ára sinna og hefur undirbúningur þess staðið í nokkurn tíma. Að sögn Einars Vals Kristjánssonar, framkvæmdastjóra HG, hafa aðstæður síðustu fimmtán ár ekki leyft fjárfestingar félagsins í nýjum skipum. Einar Valur kveður fyrirtækið hafa verið að byggja sig upp með kaupum á veiðiheimildum og til lítils sé að ráðast í fjárfestingar í skipum séu nægar veiðiheimildir ekki til staðar.

„Þörfin á endurnýjun ísfiskskipanna helgast af nauðsyn þess að geta þjónað landvinnslu fyrirtækisins sem best með tilliti til góðs hráefnis og rekstraröryggis, enda krefst markaðurinn afurða af góðum gæðum á réttum tíma,“ segir Einar Valur. „Einnig er lykilatriði að ná fram orkusparnaði samfara auknum gæðum hráefnis til að þjóna sífellt auknum kröfum markaðarins, þetta er jú allt ein keðja; veiðar, vinnsla og markaðssetning. Síðast en ekki síst þarf fyrirtækið að standast samkeppni við erlenda keppinauta úti á markaðnum þar sem samkeppnin fer sífellt vaxandi. Einnig er vert að benda á að helstu keppinautarnir erlendis njóta ríkisstyrkja á meðan íslenskur sjávarútvegur greiðir fyrir afnot af auðlindinni til ríkisins. Ég hef sagt að eðlilegt sé að greiða fyrir aðganginn að auðlindinni þó að mér finnist gjaldið alltof hátt og lítið af því skili sér til baka út á landsbyggðina þar sem starfsemin á sér stað.

Hraðfrystihúsið – Gunnvör í Hnífsdal.

Auðvitað er alltaf viss áhætta við svo stóra fjárfestingu. Við erum vel meðvituð um áhættuna samfara breytingum á afkastagetu fiskistofna, en vitum minna um aðra áhættuþætti, þar á ég við endurskoðun og breytingu á stjórnkerfi fiskveiða og mikla hækkun veiðigjalda. Þetta er mikil fjárfesting til langs tíma og því mikilvægt við slíka ákvörðunartöku að hafa fyrirsjáanleika, geta treyst því að rekstrargrundvelli verði ekki kippt undan rekstrinum á augabragð,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

FLUTNINGALAUSNIR
fyrir þig

Blue Water Shipping hefur sérhæft sig í flutningum á sjávarafurðum frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi á markaði um allan heim.

Vikulegir sjóflutningar, daglegir flugflutningar, öflugt landflutningarkerfi í Evrópu með yfir 1000 flutninga-bíla.

- Vikulegar gámasiglingar til Rotterdam
- Vikulegar RO/RO siglingar til og frá Danmörku
- 60 skrifstofur um allan heim
- Flutningsmiðlun og vörustýring
- Dreifingarmiðstöð fyrir sjávarafurðir í Padborg og Hafnarfirði
- Öflugt landflutninganet á Íslandi

Contact:
BWS Seyðisfjörður I Tel: +354 470 2800
BWS Hafnarfjörður I Tel: +354 470 2810

BLUE WATER SHIPPING

Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir hlaut Hvatningarverðlaun Rannís

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs fyrir 2014 voru afhent á Rannsóknaþingi Rannís föstudaginn 29. ágúst sl. Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, hlaut viðurkenninguna að þessu sinni. Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, afhenti Ingibjörgu verðlaunin. Ingibjörg er fædd árið 1974. Hún lauk BS prófi í matvælafræði frá HÍ árið 1997 og MS prófi i næringarfræði tveimur árum og varði þá hluta námstímans við Konunglega landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Hún lauk doktorsprófi í næringarfræði árið 2003. Meistararitgerð Ingibjargar fjallaði um næringarástand sjúklinga en doktorsverkefni hennar um næringu og vöxt ungbarna og tengsl við áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum síðar á lífsleiðinni. Fyrir doktorsrannsóknir sínar hlaut Ingibjörg sérstakar viðurkenningar, bæði hérlendis og erlendis.

Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir ásamt forsætisráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlugssyni og Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra. Illugi flutti erindi við afhendingu verðlaunanna þar sem hann kynnti drög að úttekt á vísinda- og nýsköpunarkerfinu.

Ingibjörg tók virkan þátt í uppbyggingu og skipulagi Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala auk þess að sinna kennslu. Hún átti stóran þátt í uppbyggingu Matvæla- og næringarfræðideildar HÍ og varð prófessor við þá deild árið 2010. Á síðasta ári tók hún við starfi forstöðumanns við Rannsóknastofu í næringarfræði, en því fylgir að hún er einnig yfirnæringarfræðingur Landspítala Háskólasjúkrahúss.

Ingibjörg hefur stýrt og tekið þátt í fjölda verkefna sem styrkt hafa verið af innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, auk þess að hafa átt sæti í ótal sérfræðihópum. Rannsóknir Ingibjargar fjalla einkum um næringu ungbarna, barna, unglinga og fullorðinna, en taka einnig til afmarkaðra hópa eins og barnshafandi mæðra og sjúklinga. Á síðasta ári hlaut Ingibjörg þrjá nýja styrki til alþjóðlegra rannsóknaverkefna. Hún er verkefnisstjóri íslenska hluta Evrópuverkefnisins Mood-Food sem fjallar um tengls næringarástands og þunglyndis, en umfang þess er um 1,4 milljarðar króna. Hún er íslenskur verkefnisstjóri norræna rannsóknaverkefnisins ProMeal, en markmið þess er að kanna þýðingu skólamáltíða fyrir heildarmataræði grunnskólabarna sem og einbeitingu þeirra og frammistöðu í skóla. Loks hlaut hún styrk úr Rannsóknasjóði til að gera næringarfræðilega rannsókn á sjúklingum með langvinna lungnateppu, í samstarfi við King's College í London og Herlev spítala í Danmörku.

Ljóst er að rannsóknir Ingibjargar hafa haft og munu hafa gríðarleg áhrif á skilning okkar á tengslum heilsu og næringar, auk þess að hafa bein áhrif á mótun næringarviðmiða ólíkra hópa í samfélaginu. Ingibjörg þykir afburða kennari og er ötul við að miðla þekkingu til almennings, m.a. með ritun greina og opnum fyrirlestrum. Það er álit dómnefndar að Ingibjörg uppfylli öll viðmið hennar og sé því verðugur handhafi Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2014.

Hvatningarverðlaunin

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað framúr og skapi væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. Verðlaunin, sem nú eru 2 milljónir króna, hafa verið veitt frá árinu 1987, í fyrsta sinn á 50 ára afmæli atvinnudeildar Háskóla Íslands. Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja vísindamenn til dáða og vekja athygli almennings á gildi rannsókna og starfi vísindamanna.

Verja skal a.m.k.3% af vergri landsframleiðslu til rannsókna og þróunar

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti við afhendingu Hvatningarverðlaunanna drög að úttekt á vísinda- og nýsköpunarkerfinu sem unnin var fyrir tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Að baki skýrslunnar liggur ítarlegt samráðsferli þar sem fólk víða að úr kerfinu – úr háskólunum, rannsóknarstofnunum, ráðuneytum og fyrirtækjum - var kallað að borðinu til að ræða um styrkleika og áskoranir í vísinda- og nýsköpunarumkerfinu.

„Á Íslandi starfa margir framúrskarandi vísindamenn. Í nýlegri úttekt Nordforsk á birtingum á Norðurlöndunum má sjá að á mörgum sviðum standa íslenskir vísindamenn sig afburðavel. Hér hefur vöxturinn í birtingum frá árinu 2000 verið gríðarlegur eða „extreme" svo vitnað sé til orða skýrslunnar. Annað sérkenni á íslenskum vísindamönnum er í hversu miklu alþjóðlegu samstarfi þeir eru. Hvergi á Norðurlöndunum og þótt víðar væri leitað birtir jafn hátt hlutfall vísindamanna greinar og bækur í samstarfi við erlenda kollega og hér á landi. Góður árangur sem þessi er ekki sjálfgefinn. Hér skiptir eljusemi og frumkvæði einstakra vísindamanna miklu en einnig aðstæður þeirra og aðbúnaður. Það er um þetta sem úttektin leggur mat á: aðstæður til vísindaiðkunar og nýsköpunar hér á landi og þá einkum hvað við þurfum að gera til að stuðla að því að viðhalda góðum árangri til framtíðar.

Með því að efla Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð viljum við leggja okkar af mörkum til þess að við náum því markmiði að Ísland verði, árið 2016, komið í hóp þeirra landa sem verja a.m.k.3% af vergri landsframleiðslu til rannsókna og þróunar. Þetta er okkar markmið. Styrking sjóðanna er ekki það eina sem skiptir máli í þessu samhengi, heldur er gert ráð fyrir að fyrirtæki efli einnig sína rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Það verður gert með því að skapa fyrirtækjum slíkt umhverfi að þau sjái hag í að auka hlut sinn í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Sérstaklega er hér horft til skattahvata.

Í vor samþykktum við einnig að fjárfest skyldi í gagnaöflun um vísinda- og nýsköpunarstarfsemi hér á landi og árangurinn af henni. Til að ná þessu markmiði verður 70 milljónum króna varið í upplýsingakerfi um rannsóknir á næstu tveimur árum. Að auki hefur nú Hagstofan tekið við framkvæmd könnunar á vísinda- og þróunarstarfi hér á landi sem unnin er annað hvert ár. Það er okkar von að þetta verði til þess að stórefla hér upplýsingaöflun um rannsóknir og nýsköpun til að auka yfirsýnina og til að renna styrkari stoðum undir stefnumótun og ákvarðanatöku í háskólum, rannsóknarstofnunum og hjá stjórnvöldum. Kerfið eitt og sér er ekki nóg, við eigum að stefna að því að efla hér greiningu á sviðinu og að tryggja mannafla í það.

Það er nýmæli í starfi Vísinda- og tækniráðs að unnin sé sérstök aðgerðaáætlun með tilgreindum ábyrgðaraðilum, hún kostnaðargreind og tímasett. Markmiðið er að tryggja markvissa eftirfylgni með framkvæmd stefnunnar. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt að beita sér fyrir fjármögnun áætlunarinnar með fyrirvara um fjárlagaferlið og afgreiðslu Alþingis. Ætlunin er að auka opinbera fjárfestingu í samkeppnissjóðum um 2,8 milljarða, þ. e. um 800 milljónir króna fjárlagaárið 2015 og um allt að tvo milljarða króna 2016. Um leið er þess vænst að aðgerðin auki fjárfestingar fyrirtækja um 5 milljarða króna.

Nú í sumar hóf mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnu við að rýna betur í stöðu háskólastigsins og vísindastarfs í landinu með spurninguna um hvernig við getum eflt gæði og árangur á sviði vísinda í huga. Mér finnst mikilvægt að við skoðum vel með hvaða hætti við getum styrkt háskólakerfið og aukið samlegð í því. Mikilvæg tækifæri glatast ef við dreifum kröftum okkar of víða. Við eigum að einbeita okkur að því að keppa alþjóðlega fremur heldur en að leggja mest af okkar orku í innbyrðis samkeppni.

Ráðuneytið hefur einnig hafið að skoða betur hvernig við getum byggt upp alþjóðlegt samstarf um rannsóknarinnviði á markvissari hátt. Þetta er einmitt eitt af þeim atriðum sem skýrslan nefnir. Það skiptir miklu máli fyrir litla þjóð eins og okkur að eiga gott samstarf á alþjóðlegum vettvangi um innviði eins og rannsóknarstofur, mælitæki, gagnagrunna og þess háttar. Innviðir eru stórar fjárfestingar og því skynsamlegt fyrir okkur að horfa til samstarfs við önnur lönd. Við verðum að tryggja okkar vísindamönnum aðgang að aðstöðu og tækjum á heimsmælikvarða.

Þó aðgerðaáætlunin taki á mörgum af mikilvægustu atriðunum sem úttektin bendir á er þó ljóst að enn er verk eftir óunnið og að mörg af skilaboðum skýrslunnar þurfum við að ígrunda vel og taka okkur tíma til að fara yfir. Að mörgu leyti koma þessar ábendingar á góðum tímapunkti fyrir okkur. Þær eru vísbending um að við séum á réttri leið og hvatning um að halda áfram þeirri vegferð," sagði Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.

Frumvarp lagt fram um verndun afurðaheita

Sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, hefur lagt fram frumvarp um vernd afurðaheita. Markmið frumvarpsins er að vernda afurðaheiti sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Um er að ræða nýja heildarlöggjöf hér á landi en vernd þessi er þekkt víða erlendis þar sem heitum landbúnaðarafurða eins og Parmigiano-Reggiano og Gorgonzola er veitt sérstök vernd. Öðrum en þeim sem framleiða umræddar vörur úr tilteknum hráefnum, á tilteknu landsvæði eða eftir tiltekinni hefð er þannig óheimilt að nota afurðaheitið.

Frumvarpið var áður lagt fram á 143. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu og er það nú lagt fram öðru sinni. Frumvarpið er byggt á reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr.1151/ 2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, ásamt sambærilegri löggjöf í Noregi og Danmörku.

Gert er ráð fyrir að hópur framleiðenda sæki saman um skráningu á afurðarheiti en einnig er mögulegt að einstakur framleiðandi sæki um skráningu, m.a. ef hann er eini framleiðandinn á skilgreindu landsvæði. Meðferð umsókna verður í höndum Matvælastofnunar og er greitt gjald fyrir hverja umsókn sem rennur óskipt til Matvælastofnunar upp í þann kostnað sem fellur til við meðferð umsókna. Matvælastofnun tekur ákvörðun um það hvort heiti afurðar skuli hljóta skráningu samkvæmt lögunum og skal stofnunin afla umsagna frá Einkaleyfastofu og Samtökum atvinnulífsins auk þess sem veitt er heimild til að leita umsagna annarra sérfræðinga þegar við á. Áður en Matvælastofnun tekur ákvörðun um að heimila eða hafna skráningu heitis gefst utanaðkomandi aðilum færi á að andmæla skráningu heitis. Þá hefur Matvælastofnun einnig eftirlit með framkvæmd laganna þar sem sú stofnun fer nú þegar með eftirlit með að matvæli uppfylli reglur um merkingar og innihaldslýsingar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að erlend heiti afurða geti hlotið vernd hér á landi, annars vegar á grundvelli beinnar skráningar eða á grundvelli gagnkvæmnissamnings. Ekki er gerður greinarmunur á því hvor leiðin er farin en skilyrði fyrir skráningu er að heiti afurðar uppfylli skilyrði frumvarpsins og lúti eftirliti í upprunalandi.

Verði frumvarpið að lögum er talið að löggjöfin geti styrkt stöðu íslenskra afurða og falið í sér viðurkenningu á sérstöðu innlendrar framleiðslu í samkeppni við innfluttar vörur. Talað er um landbúnaðarafurðir en ekki er fjarri lagi að álykta að það geti með einhverjum hætti náð til sjávarafurða. Þar hlýtur t.d. fiskirækt í fjörðum að koma til greina.

PÖKKUNARLAUSNIR

ALLT Á EINUM STAÐ **FYRIR ATVINNUMENN OG HEIMILI**

11th Icelandic Fisheries Exhibition 2014
Smárinn, Kópavogur, Iceland
25-27 September

Sjáumst á bás F20 á
Sjávarútvegssýningunni 2014

Vörumerking

LÍMMIÐAR • PLASTKORT
AÐGÖNGUMIÐAR OG
MARGT FLEIRRA....

- Kassar og öskjur
- Arkir og pokar
- bakkar og filmur
- Aðgöngumiðar
- Límmiðar
- Plastkort
- Pökkunarvélar
- Hnífar og brýni
- Einnota vörur o.fl.

Skoðaðu vörulistan okkar á **www.samhentir.is**

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

PRENTUN.IS

Hafnasambandsþing á Dalvík og í Fjallabyggð:

Beint framlag hafnanna nemur 0,3% af landsframleiðslu

Þing Hafnasambands Íslands, það 39. í röðinni, var haldið í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð 4. og 5. september sl. Gísli Gíslason formaður stjórnar Hafnasambands Íslands setti þingið og bauð fulltrúa og gesti velkomna með eftirfarandi orðum: „Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin á hafnasambandsþing sem haldið er

sameiginlega af Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð. Við hittumst síðast á hafnasambandsþingi í Vestmannaeyjum árið 2012, en nú hafa gengið yfir sveitarstjórnarkosningar og til þings mæta nýir fulltrúar sem ég býð velkomna og vona að þeir taki upp merkið í stað þeirra sem eru horfnir á braut til annarra verkefna. Ykkur hinum, sem hafa setið mörg hafnasambandsþingin treysti ég til að standa sem fyrr undir merkjum og því orðspori að hafnasambandsþing séu í senn skemmtileg og árangursrík. Þau eru fjölbreytt málefnin sem varða hafnirnar og á síðustu árum hefur ýmislegt áunnist en annað mátt ganga betur. Það gætir því ekki síður flóðs og fjöru í hafnamálunum en

höfnunum - en ég hef áður sagt að það fólk sem kemur að hafnamálum hefur til að bera kjark og áræðni til að halda úti rekstri og þróun hafna, við mjög misjafnar aðstæður. Við höfum haldið því á lofti að hafnirnar séu hornsteinn í samgöngu- og flutningakerfi landsins og að í tilvist þeirra og þróun felist sóknarfæri sem efli atvinnu- og efnahagslíf. Staðreyndir í þessum efnum tala sínu máli, en eflaust megum við herða róðurinn til þess að vekja verðuga athygli á þessum sannleika. Í skýrslu um efnahagsleg áhrif hafna, sem Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður okkar skrifaði, kemur m.a. fram að beint framlag hafnanna nemur 0,3% af landsframleiðslu en að óbein áhrif, sem er starfsemin í höfnunum, nemur um 28% af landsframleiðslu. Heildar áhrifin af því atvinnulífi sem þrífst innan hafnarsvæða eru því óumdeilt mikil og verðskulda aukna athygli og skilning," sagði Gísli Gíslason.

Gísli sagði að á síðustu hafnasambandsþingum og hafnafundum hafi umhverfismál verið fyrirferðamikill málaflokkur og svo verði áfram. Fæstir geri sér í raun grein fyrir hversu margir þættir umhverfismála kristallast í starfsemi hafnanna. Framkvæmdir í höfnum, umferð bíla, loftmengun frá skipum og landtengingar við rafmagn, mælingar á ástandi sjávar, frárennslismál, dýpkun, móttaka sorps og skólps, frágangur opinna svæða og hafnarlýsing eru dæmi um þau umhverfismál sem í auknum mæli eru til umfjöllunar og úrlausnar hafnarstjórna. Hvort sem höfnin er stór eða smá hafa þessi verkefni aukist og hafnirnar hafa almennt staðið sig vel á lang flestum sviðum þessara verkefna, en að sjálfsögðu má gera betur. Það hefur verið nefnt hér á fundum að skynsamlegt sé fyrir hafnir að formgera betur aðkomu sína að umhverfismálum með samþykktri stefnu, grænu bókhaldi og jafnvel vottaðri umhverfisstefnu. Vissulega eru þarfirnar mismunandi en svo segir mér hugur að það eigi að vera auðvelt fyrir hafnarstjórnir að gera umhverfismálin og skipulögð vinnubrögð í þeim efnum enn sýnilegri. Með því að leiða umræðuna eru meiri líkur til þess að við getum rutt veginn fremur en fengið yfir okkur reglugerðir að ofan um óþarfa aðgerðir eða tilskipanir sem ekki taka mið af þeim aðstæðum sem við búum við.

Dalvíkurhöfn.

Norðurslóðaverkefnið

Heiðar Már Guðjónsson hagfræðingur flutti afar áhugavert erindi um Norðurslóðir og flutninga. Hann sagði að í tölum væri þetta svði með 20% náttúruauðlinda heims,15% jarðnæðis heims, 0,05% fjólksfjölda og raunhagvöxtur 7-8% en næstu ár ganga út á að byggja upp innviði svæðisins. Fjárfestingar næstu 10 árin verða ca. 600 ma USD fram til 2024, Rússland lang stærst. Með 300 – 400 ma USD, Alaska og Kanada um 100 ma USD, Norðurlönd 150 ma USD og Ísland og Grænland um 10-20 ma USD. Ef olía finnst á Grænlandi eða Íslandi yrði fjárfestingin margfalt meiri.

Séð til Ólafsfjarðar úr Héðinsfjarðargöngum sem tengir Ólafsfjörð og Siglufjörð sem mynda sveitarfélagið Fjallabyggð.

Jón Kjartan Jónsson framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja flutti erindi um sjávarútveginn. Hann sagði að íslenskur sjávarútvegur stæði tendur sterkt um þessar mundir. Afkoman síðustu árin hafi verið góð og vel hafi veiðst og afurðaverð hátt þegar á heildina litið. Jón Kjartan sagði gengi íslensku krónunnar sé útflutningsgreinum hagstætt og þorskstofninn á uppleið og uppsjávarstofnar almennt öflugir. Tilkoma makríls á Íslandsmið væri gríðarlega mikilvæg. Önnur áhersluatrið væru m.a. :

- Áhersla á gæði og að þjóna mörkuðum eins vel og mögulegt er.
- Íslenskur sjávarútvegur á í samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg annarra þjóða.
- Mikilvægt að öll virðiskeðjan sé á einni hendi – allt frá veiðum til sölu á mörkuðum. Þannig er veiðum og vinnslu stýrt með þarfir og óskir markaðarins í huga.
- Hin góða afkoma síðustu ára hefur leitt til þess að sjávarútvegsfyrirtækin eru farin að fjárfesta á ný. Sérstaklega er mikilvægt að endurnýja íslenska fiskiskipaflotann.
- Góð afkoma hvetur einnig til nýsköpunar í greininni.

Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna sf. Var endurkjörinn formaður til tveggja ára. Samþykkt var að halda næsta Hafnasambandsþing á á Ísafirði 2016 og að næsti hafnafundur verður haldin í Hafnarfirði á árinu 2015.

Hafnarfjarðarhöfn er ein sú stærsta á landinu hvað varðar umsvif. Umferð og löndun erlendra togara er þar umtalsverð.

Hafnasambandsþing:

Hafnirnar hvattar til að setja sér formlega umhverfisstefnu

Fjölmargar tillögur voru fluttar á Hafnasambandsþinginu. Þær voru eftirtaldar:

Frumvarp til breytinga á hafnalögum

Skorað er á Alþingi að samþykkja fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á hafnalögum með þeim breytingum sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis lagði til við frumvarpið. Hafnir á Íslandi eru einn af hornsteinum samgöngukerfis landsins og eins og kemur fram í skýrslu sem Hafnasamband Íslands lét vinna um efnahagsleg áhrif hafna, uppspretta atvinnu- og efnahagslífs.

Umhverfismál

Hafnir innan Hafnasambands Íslands eru hvattar til að setja sér formlega umhverfisstefnu þannig að betur verði haldið á lofti því góða starfi sem hafnirnar hafa unnið í umhverfismálum á liðnum árum. Hafnasambandsþing beinir þeim tilmælum til ráðherra umhverfis- og auðlindamála að gætt verði hófs í lögum og reglum varðandi móttöku og umsýslu hafna vegna sorps og skólps og dregið úr óþarfa regluverki og gjaldtöku í málaflokki sem hafnirnar og fyrirtæki á hafnasvæðum hafa sinnt með góðum árangri.

Vigtarmál og Fiskistofa

Beint er þeirri eindregnu áskorun til ráðherra atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis og Fiskistofu að komið verði til móts við hafnirnar um vigtun sjávarafla. Í því sambandi er ljóst að hafnirnar hafa af því kostnað að sinna skráningu í þágu fiskveiðistjónunarkerfisins og þar sem hafnir sinna vigtun á fleiri en einni hafnaraðstöðu er mikilvægt að nýta tæknina til fjarvigtunar.

Samgönguáætlun

Beint er þeirri áskorun til Alþingis og innanríkisráðherra að auka verulega framlög til hafnarverkefna á næstu árum. Skýrsla um efnahagsleg áhrif hafna á byggðirnar sýnir að hanfirnar eru uppspretta atvinnu- og efnahagslífs, en þær njóta óverlegra framlaga ríkisins á meðan hafnir í Evrópu njóta bæði styrkja ríkis og Evrópusambandsins. Til þess að hafnir geti sinnt hlutverki sínu sem einn af hornsteinum samgöngukerfisins er óhjákvæmilegt að ríkið komi að endurnýjun og uppbyggingu hafnarmannvirkja og að því megi sjá stað í samgönguáætlun til næstu ára.

Skráning kaupskipa á Íslandi

Skorað er á ríkisstjórnina að hefja nú þegar vinnu við að breyta lögum og reglum varðandi skráningu kaupskipa á Íslandi. Um áratugaskeið hafa íslensk kaupskip verið skráð erlendis vegna lagaumhverfis á Íslandi, en tekjur af áhöfnum runnið til annarra landa en Íslands. Fyrir þjóð sem byggir stærstan hluta flutninga til og frá landinu á skipum og siglingum og hyggur á væna hlutdeild í auknum siglingum við og til landsins er óviðunandi að lagaumhverfið komi í veg fyrir að kaupskip séu skráð á Íslandi.

Skipulagsreglur hafna og atvinnusvæða

Í samþykktinni er beint þeirra áskorun til ráðherra umhverfis- og auðlindamála að ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar varðandi hafna-, athafna- og iðnaðarsvæði verði tekin til endurskoðunar með það að leiðarljósi að einfalda verkferla við gerð og breytingu skipulags á þessum svæðum. Á síðustu árum hefur skipulegsferlum verið breytt og þeir nú tímafrekari en áður. Þær breytingar hafa ekki verið til að auka réttaröryggi skipulagsmála heldur gert aðstöðusköpun fyrir atvinnufyrirtæki óþarflega flókna. Þá er skorað á ráðherra að láta endurskoða landnýtingarflokkun skipulagsreglugerðar vegna hafna- iðnaðar og athafnasvæða þannig að ákvæðin taki annars vegar mið af breytingum á atvinnustarfsemi og að þau verði hins vegar mun skýrari en nú er.

„Það er að sjálfsögðu vonbrigði að það varð ekki meiri aukning í þorskkvóta“

- segir Kolbeinn Árnason framkvæmdastjóri LÍÚ

Kolbeinn Árnason lögmaður hefur verið framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1. júlí 2013. Kolbeinn lauk laganámi frá Háskóla Íslands 1997 og stundaði framhaldsnám í lögfræði við University of Leuven 2006. Kolbeinn var skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins og síðar fiskveiðistjórnarskrifstofu ráðuneytisins í samtals rúm sex ár. Á þeim tíma var hann m.a. formaður samninganefnda Íslands um deilistofna og sendinefnda Íslands hjá alþjóðlegum fiskiveiðistjórnarstofnunum.

Kolbeinn Árnason.

Ekki hefur verið haldinn samningafundur með fulltrúum sjómanna um alllangan tíma þrátt fyrir að samingar hafi lengi verið lausir. Kolbeinn var spurður hvort eitthvað væri að frétta af þeim málum.

„Því miður er staðreyndin sú að það er ekkert að frétta. Þegar útgerðirnar vita ekki hvað þær hafa í afgang til að borga í laun er tilgangslaust að setjast að samningaborðinu. Það er ekki síst á meðan veiðigjaldamálið er óleyst og ekkert kemur frá ráðuneytinu um það. Á meðan er ekki hægt að skuldbinda útgerðirnar um eitt eða neitt. Við vitum hins vegar að það er töluverð vinna í gangi í stjórnarráðinu en ég held að það sé ennþá nokkuð á hugmyndafræðistiginu, því vitum við ekki hvað veiðigjaldið verður hátt og þá er ennþá lengra í að sjálft frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi, hvað þá að það verði að lögum. Þetta getur tengst ýmsum praktískum atriðum eins og verðmyndum á fiski.“

- Nýtt fiskveiðiár hófst í byrjun þessa mánaðar og eins og venjulega eru skiptar skoðanir um ágæti þess. Hver er skoðun þín á úthlutuninni á þessu sinni?

„Á grundvelli þess sem við vissum um þorskstofninn að það yrði töluverð aukning í þorskkvóta. Það eru að sjálfsögðu vonbrigði að það varð ekki en við skiljum hins vegar að sjávarútvegsráðherra fari að ráðgjöf vísindamanna Hafrannsóknastofnunarinnar. Það er í gangi vinna sem snýr að því hvort endurskoða eigi veiðireglurnar. Við höfum hins vegar töluverðar áhyggjur af ýsustofninum þó sú úthlutun hafi ekki komið eins mikið á óvart.“

- Þið eruð þá ekkert að efast um hæfni vísinamanna Hafrannsóknastofnunarinnar?

„Ég held að svarið hljóti að vera að það megi og eigi að eyða mun meiri fjármunum í hafrannsóknir við Ísland. Við viljum t.d. fá svör við því af hverju nýliðun þessara stofna er svo miklu minni en almennt var vonast eftir. Hafrannsóknastofnunin virðist ekki vita af hverju það stafar. En meðan að stofnunin er í algjöru svelti fjárhagslega er ekki hægt að fara í þessar rannsóknir. LÍÚ hefur margsinnis lagt fram beiðni um að Hafrannskóknastofnun fengi aukið fjármagn. Það er búið að skera rekstur stofnunarinnar alveg inn á beiðni svo þar er ekki hægt að gera þær rannsóknir sem eðlilegt og sjálfsagt þætti að Hafrannsóknastofnunin sinnti í dag.“

- Ertu sáttur við að aðalstöðvar Fiskistofu flytji frá Hafnarfirði til Akureyrar?

„Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að stofnunin sé áfram öflug, og fagleg nálgun sé viðhöfð.“

Sameining LÍÚ og SF

- Viðræður hafa verið á þessu ári um sameiningu LÍÚ og Samtök fiskvinnslustöðva. Hvar er það mál statt?

„Endanleg ákvörðun verður tekin á aðalfundi beggja samtakanna 30. október nk. Það hafa ekki komið upp nein meiriháttar mál sem hindra það ferli svo það er stefnt að því að stjórnir félaganna leggi það til að af sameiningunni verði. Niðurstaðan er í höndum þeirra sem fara með atkvæði á aðalfundunum og mér finnst að það sé vilji til sameiningar.“

Íslenska sjávarútvegssýningin nauðsynlegur vettvangur

- Íslenska sjávarútvegssýningin er að hefjast eftir nokkra daga. Finnst þér nauðsynlegt að vera með sjávarútvegssýningu hérlendis á þriggja ára fresti eða er bara nóg að fara á sýningar í Bruxelles, Vigo, Boston og fleiri staða?

Kolbeinn segir að sýningin sé mjög nauðsynlegur vettfangur fyrir sjávarútveginn og öll þau fyrirtæki sem tengjast honum. „Það er mjög gagnlegt að almenningur átti sig á því hvað þetta er þróuð og tæknilega fullkominn atvinnugrein. Ég held kannski að stór hluti almennings átti sig hreinlega ekki á því. Því er nauðsynlegt að kynna það fyrir þessum hópi, og svo einnig fyrir þeim sem vinna í greininni. Sjávarútvegurinn hefur svo gríðarlega marga snertifleti inn í samfélagið. Hér eru bæði stór og smá tæknifyrirtæki sem eru að gera góða hluti og eru framarlega á heimsvísu. Mörg af þessum hugvits- og sprotafyrirtækjum hafa náð verulegri fótfestu, eins og Marel, Valka og fleiri, listinn er langur,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ.

Fjölbrautaskóli Norðurlands:

Boðið upp á nám í Fisktækni

Nú í haust fer af stað nám í fisktækni á vegum Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Farskólans og FISK Seafood ehf. í samvinnu við Fisktækniskóla Íslands. Kennt verður eftir kl. 16.00 á daginn og um helgar þannig að hægt er að stunda námið með vinnu.

Námið er 4 annir og lýkur með framhaldsskólaprófi og starfsheitinu Fisktæknir.

Nú þegar hafa 20 starfsmenn FISK skráð sig í námið en af þeim fóru 16 í gegnum raunfærnimat í vor og hafa þegar lokið hluta af náminu. Miðvikudaginn 28 ágúst sl. var haldinn kynningarfundur í Verinu fyrir væntanlega nemendur og komu fulltrúar FNV og Farskólans og kynntu skipulag og framkvæmd námsins

Fylgst með útskýringum.

Ný tækni við kælingu á ferskum fiski vekur athygli mína“

- segir Ásmundur Friðriksson, nefndarmaður í atvinnuveganefnd

Ásmundur Friðriksson alþingismaður í Suðurkjördæmi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á sæti í atvinnuveganefnd. Hann var spurður hvort af hverju veiðileyfagjald hafi enn ekki verið lagt fyrir Alþingi, hvað þá samþykkt, sem hljóti að teljast afar bagalegt fyrir útgerðina og kemur í veg fyrir að samið er við sjómenn um kaup og kjör. Ásmundur var spurður hvenær vænta mætti þess að tillögur um það liggi fyrir Alþingi.

„Ég vona að það verði sem fyrst enda nauðsynlegt að koma málinu til þingsins og nefnda sem fyrst.“

- Nýsmiði fiskiskipa hefur verið sáralítil undanfarna áratugi þó eitthvað sé að glæðast í þeim málum nú, en öll sú vinna fer fram erlendis. Hvað er hægt að gera til að auðvelda útgerðarmönnum að endurnýja fiskiskipaflotann til samræmis við okkar nágrannaþjóðir?

„Það er mikilvægt að við beitum sömu ívilnunum og aðrar þjóðir gera fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Hér á landi er þekking og reynsla enn til að efla

Ásmundur Friðriksson.

megi skipasmíðar innanlands og fjöldi nýsköpunarfyrirtækja sem framleiða og selja búnað í nýsmiði um allan heim. Það er mikilvægt að í nánustu framtíð verði umhverfi iðnaðarins þannig að raunhæfur möguleiki verði á því að endurnýjun stórs hluta fiskiskipastólsins verða að raunveruleka hér heima. Til þess að það verði þarf umhverfið að lagast, traust útgerðarinnar á iðnaðinum að aukast og við sem fiskveiðiþjóð getum með stolti byggt og viðhaldið stórum hluta fiskiskipastólsins við Íslandsstrendur.“

Niðurskurður undanfarinna ára hefur komið niður á Hafró

- Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar er ávallt deilumál þegar hún birtist. Samt eiga Íslendingar marga bestu vísindamenn heims á þessu sviði. Getur verið að takmarkað fjármagn til stofnunarinnar eigi sinn þátt í þessum ágreiningi?

„Það er ljóst að niðurskurður liðinna ára hefur komið niður á starfsemi Hafró og mjög brýnt að úr verði bætt. Loðnurannsóknir, rannsóknir á makríl, skötusel og fleiri tegundum eru í lágmarki, eða nánast engar. Það er skilningur á vanda Hafró og mikilvægt að við látum meira fé rakna til hafrannsókna á nýjum stofnum eins og gulldeplu sem gætu styrkt sjávarútveg okkar á næstu árum.“

- Telurðu líklegt að Íslendingar nái samkomulagi við Evrópubandalagið, Færeyinga, Norðmenn og jafnvel fleiri þjóðir um samninga um makrílveiðar á næstu misserum?

„Ég get bara svarað því til að ég ber þá von í brjósti að við náum sanngjörnum samningum við nágranaþjóðir okkar um alla helstu nytjastofna.“

- Ætlar þingmaðurinn að sækja sjávarútvegssýninguna sem hefst í Kópavpogi í þessari viku og hvað mun þar vekja mesta áhuga hans?

„Þingmaðurinn þarf að sinna skyldum erlendis þessa helgi, því miður, en ný tækni við kælingu á ferskum fiski vekur athygli mína og svo margt annað sem glepur huga gamals fiskverkenda,“ segir Ásmundur Friðriksson.

Phil Sorgen, varaforseti Worldwide Partner Group og Jón Heiðar Pálsson. Wise was valið sem „Country Partner of the Year,” þriðja árið.

Íslenska sjávarútvegssýningin:

Wise kynnir öflugt hleðslu og flutninga-kerfi fyrir WiseFish

„WiseFish fyrir NAV 2013 er best heppnaða útgáfa af WiseFish frá upphafi og við hjá Wise erum mjög stolt að kynna kerfið á sjávarútvegssýningunni í Fífunni 25-27 september n.k. Við munum kynna Dynamics NAV, WiseFish og Wise Analyzer greiningartól fyrir WiseFish,“ segir Jón Heiðar Pálsson hjá Wise.

„Á sjávarútvegssýningunni í Bás G-19 munum við m.a. kynna nýtt öflugt hleðslu og flutningakerfi fyrir WiseFish. Kerfið stýrir og heldur utan um útskipanir og flutninga á afurðum þar sem allar afhendingar eru sýnilegar á einum stað. Sérstök virkni er fyrir sendingar með flugi, til að hraða allri úrvinnslu og skjalagerð.

Við munum kynna sendingu og móttöku viðskiptaupplýsinga og veiðivottorða á rafrænu formi milli söluaðila og framleiðenda sem sparar mikinn innslátt fyrir þá sem selja í gegn um 3ja aðila eða innan fyrirtækja með margar vinnslur. , - þannig að þegar um er að ræða framleiðendur og söluaðila, mikinn vinnusparnað, hagræðingu og tryggt sé að gögn sé rétt skráð.“

Með nýrri útgáfu af WiseFish færðu nú m.a.

- Nýtt útflutningskerfi: - yfirfarið og endurgert að mestu.
- Hægt að keyra kerfið á snjallsímum, spjaldtölvum og með léttum vef
- biðlara
- Nýtt samningakerfi: Kostnaður við sölu er nú skráður í samningakerfi/ sölusamkomulög sem tryggir betra umhald um sölur, framlegð og kostnaðargreiningu fyrir útflytjendur og söluaðila.

„Með WiseFish og NAV 2013 kemur ný virkni sem tengir enn betur sama Office 365, þ. e. Word, Excel, Outlook, PDF, SharePoint og One note svo dæmi séu nefnd. Nú bjóðum við WiseFish og Dynamics NAV í áskrift þar sem við bjóðum hýsingu og leigu á hugbúnaðinum. Þannig geta allir innleitt WiseFish í Skýinu. Þannig þarf ekki lengur að reka netstjóra, Office né annan hugbúnað heldur er aðgangur tryggður hvar og hvenær sem er, og kerfið kemur tilbúið til notkunar,“ segir Jón Heiðar Pálsson.

Dæmi um fyrirtæki sem keyra WiseFish og NAV í skýinu er P/ F Pelagos í Færeyjum. Ein fullkomnasta vinnsla sinnar tegundar í heiminum með afköst allt að 1. 000 tonnum á sólarhring í uppsjávarfiski.

Hvers virði er aukinn ferskleiki í 2-3 daga fyrir þig?

tempra eps einangrun

Kaldari kassar – ferskari fiskur

Promens Tempra hefur í samráði við Matís hannað nýjan kassa til útflutnings á ferskum fiski. Rannsóknir sýna að með því að þykkja hornin á kassanum mun fiskurinn viðhalda ferskleika sínum 2-3 dögum lengur en mögulegt er þegar um kassa með hefðbundinni hönnun er að ræða og geymsluþolið eykst um 1-2 daga (Björn Margeirsson o.fl., 2010). Hér er miðað við dæmigerðar hitasveiflur í land- og flugflutningi frá Íslandi til Evrópu.



Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskur til neytenda um allan heim.

PROMENS

www.promens.is/tempra

Promens Tempra ehf. • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@promens.com

Háskólinn
á Akureyri
Rík af
auðlindum
Ísland er ríkt af auðlindum. Við Háskólann á Akureyri er boðið upp á á hagnýtt viðskipta- og raunvísinda-tengt nám í líftækni og sjávarútvegsfræði með áherslu á sjálfbæra og arðbæra nýtingu auðlinda.
Við hlökkum til að sjá þig.
unak.is

Framleiðum pressuhjól
ABAS; KARM; PETREL; TRIPLEX
og listar í millitransara, gúmmíklæðum á flestar gerðir kraftblakka og niðurleggjara.
Stuttur afgreiðslutími, áratuga reynsla.
Viðskiptavinirnir eru útgerðir flesta, loðnu- og síldarbáta.
GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766
gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

FMG

www.fmgehf.is

Alhliða skipaþjónusta

FMG (Fiskmarkaður Grindavíkur) – nýtt fyrirtæki í Grindavík – býður útgerðum upp á alhliða skipaþjónustu. Þegar skip koma inn til löndunar tekur FMG að sér löndun, flokkun og lestun aflans á flutningstæki. Fyrirtækið býður einnig upp á slægingarþjónustu. Í alhliða skipaþjónustu FMG má einnig nefna þrif á lest og að koma ís og beitu um borð fyrir næstu veiðiferð svo fátt eitt sé nefnt.

Þjónustuteymið alltaf klárt

Þjónustuna er hægt að panta í gegnum síma eða í gegnum nýja vefsíðu fyrirtækisins, www.fmgehf.is, ýmist samdægurs eða með nokkurra daga fyrirvara, allt eftir því hvernig aðstæður eru.
Við pöntun á þjónustu ábyrgist FMG að þjónustuteymi sé klárt í viðkomandi höfn um leið og skipið leggst að bryggju. Þótt FMG leggi höfuðáherslu á Grindavík tekur fyrirtækið einnig að sér sambærilega þjónustu í öðrum höfnum á SV-horni landsins. „Öll þjónusta FMG gengur öðru fremur út á það að gera nánast hvað sem er fyrir viðskiptavininn, en grunnurinn í öllu okkar starfi er persónulegt viðmót og traust þjónusta," segir Vignir Óskarsson, framkvæmdastjóri FMG.

Allt á einum stað

„Við leggjum kapp á að viðskiptavinurinn geti fengið allt á einum stað. Þá erum við að tala um alla smávöru, beitu og veiðarfæri frá Voot Beitu og hvers kyns aðföng önnur á samkeppnisfæru verði. FMG er í nánu samstarfi við Voot Beitu og við veitum jafnt íslenskum sem erlendum skipum og bátum alla þá skipaþjónustu sem óskað er eftir," segir Vignir.

„Megum ekki tefjast þegar búið er að slátra og fiskurinn tilbúinn á markað erlendis“

- segir Jón Örn Pálsson hjá Fjarðarlaxi um samgöngumál

Fjarðalax ehf., stofnað árið 2009, er einn stærsti aðili í innflutningi, vinnslu og dreifinu á ferskum laxi og laxaafurðum á austurströnd Bandaríkjanna. Þróunarstjóri Fjarðalax á sunnanverðum Vestfjörðum er Jón Örn Pálsson á Tálknafirði en hann er menntaður sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum í Tromsö í Noregi. Jón Örn segir að áður en hann flutti til Vestfjarða fyrir 13 árum hafi verið gerðar margar samþykktir og samkomulag um vegabætur á Vestfjörðunum öllum.

„Við teljum okkur vera í dag beitt ofríki af norðursvæðinu, Ísafjörð og nágrenni, og þaðan hafa komið tillögur um úrbætur í vegamálum sem eru algjörlega andstæðar hagsmunum okkar, m.a. tillaga um að gera jarðgöng frá innsta firði við Ísafjarðardjúp, Ísafirði til Kollafjarðar, en ég skil alls ekki hvernig það samræmist hugmyndum um sameiginlega Vestfirði. Við þurfum þá að keyra til Kollafjarðar til að komast inn í Djúp og þaðan til baka til Ísafjarðar. Við höfum bent á að það stytti leiðina suður fyrir Ísafjarðar með því að fara um suðursvæðið þegar búið er að gera jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og gera allan Vestfjarðaveg 60 að láglendisvegi með bundnu slitlagi. Við fáum ekki stuðning frá norðursvæðinu um þessar samgöngubætur,“ segir Jón Örn Pálsson.

Jón Örn segir að til marks um það eru síðustu vegabætur inn Þorskafjörð að austan, væntanlega til þess að þeir sem búi á norðursvæðinu geti undirbúið heilsársveg yfir Þorskafjarðarheiði. Því fari farri að þar sé verið að hugsa um hagsmuni þeirra sem búi á suðursvæðinu. Bættar samgöngur milli norðurs- og suðursvæðis mun styrkja bæði svæðin og Vestfirði í heild sinni. Þetta eiga margir erfitt með að sjá og það heyrast raddir um að forgangröðun í jarðgangagerð sé ekki rétt. „Við erum að framleiða fisk hér á suðursvæðinu og megum ekki tefjast mikið þegar búið er að slátra og fiskurinn tilbúinn á markað erlendis. Við notum Breiðafjarðarferjuna Baldur til þess að koma okkar framleiðslu á markað, sem eru um 80 tonn á viku. Það væri mikill munur

Jón Örn Pálsson.

ef við gætum farið landleiðina allan ársins hring með farminn og eiga ekki á hættu að teppast á fjallvegum eða hálsum heldur geta ekið alla leið inn í Þorskafjörð um láglendisveg. Auk þess þarf flutningabíll að vera farinn klukkan hálf fimm frá Patreksfirði til þess að ná ferjunni sem styttir verulega þann tíma sem við getum verið að slátra á hverjum degi.“

Vestfirðir besta svæðið til fiskeldis

„Vestfirskir firðir eru best fallnir til fiskveldis hérlendis, hér er skjólið í fjörðunum, heppilegt hitafar og firðirnir hafa gríðarlega mikla endurnýjun á sjó. Sem dæmi um það er Arnarfjörður sem er 18 rúmkílómetrar (átjánþúsund milljón rúmmetrar!) að stærð og inn í hann streyma 2 rúmkílómetrar af nýsjó á sólarhring. Sjórinn í Arnarfirði endurnýjast því á 9 daga fresti og þolir því margfalt meira eldi en á sér stað firðinum í dag.“

Fjarðarlax er með kvíaeldi við Laugardal við utanverðan Tálknafjörð og einnig við Hlaðeyri í Patreksfirði og í Fossfirði í Arnarfirði.

Margar rafmagnsstrauralínur komnar á tíma

„En það þarf að fara varlega og meta stöðugt umhverfisáhrifin. Ég er sannfærður um að það er hægt að framleiða um 100 þúsund tonn af fiski í vestfirskum fjörðum, en í dag er framleiðslan sameiginlega hjá öllum eldisstöðvunum um 4 þúsund tonn.“

Jón Örn segir að ástand raforkumála á Vestfjörðum sé þannig að íbúar á höfuðborgarsvæðinu mundu ekki sætta sig við það sem Fjarðarlaxi og fleirum fyrirtækjum er boðið upp á. „Við kostuðum niðursetningu á jarðstreng frá flugvellinum á Bíldudal og út í Dufansdal í Fossfirði, þriggja fasa rafmagn um 3 km leið, og sú framkvæmd kostaði nær 18 milljónir króna. Okkur fannst þetta vera verkefni Orkubús Vestfjarða, rétt eins og þeir lögðu jarðstreng frá Bíldudal og út að flugvellinum. Við vildum einnig fá ljósleiðara með rafmagnsstrengnum, og lögðum hann. Skömmu eftir að jarðstrengurinn var tekinn í notkun síðastliðið haust brotnuðu nokkrir rafmagnsstaurar í aftaka veðri í loftlínu út á Bíldudalsflugvöll, þannig að ef við hefðum ekki hvatt til þess að jarðstrengur yrði lagður hefði OV lent í miklu tjóni. Margar strauralínurnar eru alveg komnar á tíma, því miður. Það er ótrúlegt að einkafyrirtæki þurfi að standa að endurbótum á raforkudreifkerfi. Eitt það merkilegasta við þetta er að við borgum okkar hluta ef þessum jarðstreng en Orkubúið á hann!

Engar áætlanir eru fyrirliggjandi um virkjanir eð ráðstanir á meiri raforku til Vestfjarða að við best vitum, hvorki inni í Ísafjarðardjúpi eða við Breiðafjörð. Við erum einnig með eldi við Hlaðseyri í Patreksfirði og Laugardal í Tálknafirði auk Fossfjarðar í Arnarfirði og slátrum er til skiptst á þessum svæðum til að hvíla þau. Við erum með um 45 manns í vinnu, 30 í eldinu og 15 í vinnslunni svo fyrirtækið er að skapa mörgum atvinnu. Auk þess greiðum við götu þeirra sem vilja fara í nám í fiskeldi á Hólum og í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða er verið að undirbúa útgáfu kennsluprógrams. Við erum að byggja upp til framtíðar og það er afar mikilvægt að hafa öruggar samgöngur um láglendisveg suður á höfuðborgarsvæðið og örugga afhendingu orku, en því miður er hvorugt nógu tryggt. Um það þurfum við Vestfirðingar að sameinast, um allan kjálkann!“

Viðræður um sameiningu SF og LÍU og stofnun nýrra heildarsamtaka í sjávarútvegi

Stjórn SF samþykkti á fundi sínum 26. júní sl. að veita formanni og framkvæmdaráði heimild til að vinna að undirbúningi sameiningar SF og LÍÚ og stofnun nýrra heildarsamtaka atvinnurekenda að loknum aðalfundum beggja samtakanna 30. október nk. næsta haust. Auka aðalfundur LÍÚ sem haldinn var síðar sama dag samþykkti sambærilega tillögu. Fulltrúar frá Capacent hafa undanfarna mánuði unnið að úttekt á ímynd sjávarútvegsins, skipulagi hagsmunagæslu, kostum og göllum sameiningar LÍÚ og SF og stofnun nýrra hagsmunasamtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi. Það næsta sem gerðist var að unnið var að stofnun þriggja ráðgefandi starfshópa: Lagahópur, formenn, Adólf Guðmundsson og Arnar Sigurmundsson, Kynningarhópur, form. Gunnar Tómasson og Framtíðarhópur, form. Ólafur Marteinsson. Það verður síðan hlutverk aðalfunda SF og LÍÚ að taka endanlega ákörðun um sameiningu og stofnun nýrra heildarsamtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi.

Arnar Sigurmundsson.

Arnar Sigurmundsson, formaður SF, segir að einhverjar niðurstöður liggi fyrir í lok þessarar viku eftir fund með fulltrúum frá báðum aðilum.

SJÁVARÚTVEGUR · IÐNAÐUR

EIGUM ALLAR GERÐIR AF LOKUM

KÚLULOKAR - RENNILOKAR - SPJALDLOKAR - KEILULOKAR - SÍÐULOKAR - BOTNLOKAR

VK vörukaup HÁGÆÐA VÖRUR FYRIR SJÁVARÚTVEGINN OG IÐNAÐINN Í YFIR 30 ÁR

VÖRUKAUP EHF · Miðhraun 15 · 210 Garðabæ · Sími: 561 2666 · Fax: 562 6744 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is

LÖNDUN EHF.

Löndun ehf sér um skipaafgreiðslu í Reykjavík og Hafnarfjarðarhöfn. Fyrirtækið veitir vandaða og skjóta þjónustu. Býður einnig upp á nauðsynlegan tækjabúnað og úrval manna sem reiðubúnir eru með stuttum fyrirvara að landa úr skipum.

Fyrirhyggja, lipurð og samviskusemi einkenna þá þjónustu sem við veitum

Löndun ehf. - Kjalarvogi 21, 104 Reykjavík - Sími 552 9844 - Fax 562 9844 - londun@londun.is

„Sé allt það nýjasta sem er í boði á sjávarútvegssýningunni“

- segir Guðmundur Geirdal, sjómaður og bæjarfulltrúi

Guðmundur Geirdal bæjarfulltrúi í Kópavogi gerir út bátinn Gísla KÓ-10 og segist ætla að skoða sjávarútvegssýninguna í Kópavogi, það hafi hann yfirleitt gert. Hann segist sjálfur vera mjög áhugasamur um allar nýjungar í sjávarútvegi en eitt af því sem sé ákaflega jákvætt við svona sýningar sé að þar myndast persónuleg tengsl milli manna sem jafnvel endist í það óendanlega. „Þarna hittir maður söluaðila sem maður hefur verið í miklum tengslum við en kannski aldrei hitt persónulega, enda er lykillinn að góðum viðskiptum persónuleg tengsl milli manna.“

- Hefurðu fengið nýjar hugmyndir með því að koma á sjávarútvegssýninguna í Kópavogi?

„Já, það hef ég gert. Ég mun ekki síst skoða þessu fullgerðu báta sem verða væntalega á útisvæðinu og skoða hvaða tækni hefur verið innleidd í þá. Þarna sér maður allt það nýjasta sem er í boði í dag, það er afar mikilvægt fyrir sjómann eins og mig. Þarna sér maður oft ýmislegt sem getur létt manni vinnuna um borð. Ég get ekki sagt að ég hafi séð einhverja byltingakenndar nýjungar á sjávarútvegssýningunni en það er stöðug og ör þróun í gangi, bæði í tækni og matvælaframleiðslun, ekki bara þegar sýning er haldin. Það hefur á undanförnum sýningum verið lög vaxandi áherslu á bætta kælingu á fiski, en lykilatriði að kæling afurðanna sé góð. Þegar maður sér hvað þeir leggja mikið á sig sem taka við fiskinum frá manni þá eðlilega fer maður að bæta meðhöndlun fisksins um borð áður en komið er til löndunar. Þá aukast líkurnar á að fiskurinn komi óskemmdur á disk neytandans og bætir þá ímynd atvinnugreinarinnar.“

Guðmundur segist fastlega búast við að sjá eitthvað nýtt á þessari sjávarútvegssýningu sem hann geti jafnvel nýtt sér sjálfur. „Það er mjög margt að gerast í sjávarútvegi í dag, jafnvel ótrúlega margt. Það sem mér finnst mest spennandi eru þær afurðir sem fóru aftur í sjóinn, stundum ekkert hirt nema holdið en annað fór í sjóinn. Kannski er tækniframfarirnar kannski mestar í því að nálgast það að gjörnýta fiskinn, ekki bara til neyslu heldur einnig t.d. til lyfjaframleiðslu, sem er dýr afurð. Það er afar spennandi þróun.“

Guðmundur Geirdal segir afar jákvætt að vera með sjávarútvegssýningu hérlendis þar sem sjávarútvegur

Guðmundur Geirdal.

hafi alltaf verið stór liður í menningu okkar Íslendinga. Með því að færa svona sýningu hingað heim fjölgar þeim verulega sem læra ýmislegt um sjávarútveginn, þá kynnast fleri þessari atvinnugrein en bara þeir sem eru í henni.

- Er það mikilvægt fyrir Kópavogsbæ að sjávarútvegssýningin skuli vera í Kópavogi?

„Ég er nokkuð viss um það og er stoltur af því að undanfarandi sjávarútvegssýningar skuli hafa tekist svona vel í Kópavogi,“ segir Guðmundur Geirdal sjómaður og bæjarfulltrúi í Kópavogi.

Nýjasta skip fiskveiðiflotans:

Sigurður VE-15 er uppsjávarveiðiskip sem getur borið 3.000 rúmmetra af afla

Sigurður VE-15, nýtt skip Ísfélags Vestmannaeyja, og þar með nýjasta skipið í fiskveiðiflotanum, kom til heimahafnar 25. júlí sl. frá Tyrklandi þar sem það var smíðað. Það var þá til sýnis bæjarbúum og gestum. Guðbjörg Matthíasdóttir tók á móti þessu glæsilega skipi ásamt fjölskyldunni þegar það lagðist að bryggju og tók við spottanum úr hendi sonar síns, Sigurðar Sigurðarsonar, sem er í áhöfn skipsins

Sigurður VE-15 er 3.763 lesta uppsjávarskip, 80,3 metrar að lengd og 17 metrara ð breidd. Aðalvélin er Wartsila 9L32, 4.500 kw. , burðargeta er 3.000 rúmmetrar af afla. Rúm er fyrir 22 manna áhöfn í 15 klefum. Kaupin á þessu glæsilega skipi er liður í endurnýjun fiskveiðiflota Ísfélags Vestmannaeyja og er liður í því að mæta þeirri þróun að stöðugt meira af uppsjávarafla fer til manneldisvinnslu í landi. Skipið er á uppsjávarveiðum, en fyrsti túrinn var á makríl.


Það er ekki þrengt að þeim sem stjórna þessu skipi í þessari brú sem er búin öllum helsltu og nýjustu tækjum sem þekkjast í dag.

Glæsilegt skip kemur til heimahafnar, Vestmannaeyja, frá Tyrklandi.

Mikil makrílgengd í íslenskri lögsögu

Alþjóðlegar mælingar í júlí og ágúst sýna mikla makrílgegnd í íslenskri lögsögu

Niðurstöður sameiginlegs makrílleiðangurs Færeyinga, Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga í júlí og ágúst síðastliðinn liggja nú fyrir í heild sinni. Í leiðangrinum sem fram fór á tímabilinu 2. júlí til 12. ágúst tóku þátt fjögur skip, R/ S Árni Friðriksson frá Íslandi, eitt skip frá Færeyjum og tvö frá Noregi. Fyrr í þessum mánuði var greint frá bráðabirgðaniðurstöðum leiðangursins á vef Hafrannsóknastofnunar. Markmið leiðangursins var að kortleggja útbreiðslu og magn makríls og annarra uppsjávarfiskistofna í Norðaustur Atlantshafi meðan á ætisgöngum þeirra um Norðurhöf stendur ásamt því að kanna ástand sjávar og átustofna á svæðinu. Öll skipin fjögur notuðu sams konar flotvörpu sem sérstaklega hefur verið þróuð fyrir þennan leiðangur og var R/ S Árni Friðriksson að taka þátt í þessum leiðangri í sjötta sinn.

Magn og útbreiðsla makríls á svæðinu var metin út frá afla í stöðluðum togum sem tekin voru með reglulegu millibili og var rannsóknasvæðið um 2,45 milljónir ferkílómetrar. Heildarvísitala makríls (lífmassi) á svæðinu var metin um 9,0 milljón tonn, þar af voru 1,6 milljón tonn innan íslenskrar efnahagslögsögu eða tæp 18%. Vísitala lífmassa er lítið eitt hærri en á síðasta ári og sú hæsta sem mælst hefur frá því að rannsóknir hófust árið 2007. Magn makríls innan íslenskrar lögsögu var svipað og mældist árin 2012 og 2013. Heildarstærð svæðisins sem kannað var í ár var svipað og á síðasta ári þar sem viðbótar svæðið sem dekkað var innan grænlensku lögsögunnar í ár vegur upp á móti því að Norðursjórinn var ekki kannaður í þetta sinn. Því var aðeins lítill hluti lögsögu Evrópusambandsins kannaður nú.

Töluvert af smáum makríl

Í leiðangrinum varð vart við töluvert af tiltölulega smáum makríl og aldursgreiningar sýna hátt hlutfall árganganna frá 2011 (32% af fjölda) og 2010 (21%), en árgangarnir frá 2007, 2008 og 2009 voru einnig áberandi með um 11% hver. Yngri fiskinn var einkum að finna í Noregshafi eða á austanverðu rannsóknarsvæðinu.

Óli Gísla HU-212 kemur til löndunar á makríl í Grindavík en miðin voru rétt utan við hafnarkjaftinn.

Niðurstöður leiðangursins staðfestir líkt og leiðangrar fyrri ára, víðáttumikla útbreiðslu makrílsins. Það er þó ljóst að ekki náðist að dekka allt útbreiðslusvæði hans, einkum í syðri hluta grænlensku lögsögunnar og í Norðursjónum þar sem einkum yngri fiskur heldur til á þessum árstíma. Þá sýna niðurstöðurnar að elsti makríllinn ferðast lengst í sínum ætisgöngum í Norðaustur Atlantshafi á sumrin, en hann var einkum að finna vestast og nyrst á rannsóknasvæðinu. Niðurstöður leiðangursins eru notaðar ásamt öðrum gögnum, við mat Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á stofnstærð og veiðiþoli makríls.

Löndun á makríl í Grindavíkhöfn í síðasta mánuði.

Líkt og síðustu ár var skörun á útbreiðslu makríls og síldar og var hún einkum vestan til í Austurdjúpi og austur af Íslandi. Stærsta hluta norsk-íslenska síldarstofnsins var að finna norður og norðaustur af Íslandi. Bergmálsvísitölur fyrir síld voru mun lægri nú en fyrri ár og eru ástæður þess einkum taldar vera að ekki náðist yfir allt útbreiðslusvæði stofnsins norður af Íslandi og að síldin hafi staðið það grunnt að hún hafi að hluta til verið ofan við bergmálsmæla skipanna. Það skal tekið fram að bergmálsmælingar norsk-íslenskra síldar í þessum leiðangri eru ekki notaðar til stofnútreikninga.

Mesti þéttleiki smáátu (s.s. rauðátu sem er helsta fæða markíls) var austur af Íslandi og norður af Færeyjum þar sem jafnframt var mikið um makríl og síld. Meðalmagn átu á svæðinu austan við Ísland og í Noregshafi mældist svipað og í fyrra (8.2 g þurrvigt í samanburði við 8.4 g) sem var jafnframt það mesta síðan að þessar mælingar hófust árið 2010. Magn átu á vestari hluta íslenska hafsvæðisins (4.8 g) og á grænlenska hafsvæðinu (5.3 g) var hinsvegar mun minna en austar og það minnsta sem mælst hefur innan íslenska svæðisins yfir tímabilið.

Yfirborðshiti sjávar á rannsóknarsvæðinu í Norðaustur Atlantshafi í júlí 2014 var vel yfir 20 ára meðaltali júlímánaðar og var hann allt að þremur gráðum yfir meðaltalinu norð- og norðaustur af Íslandi. Þessi hlýi yfirborðssjór náði að jafnaði niður á um 30 m dýpi þótt breytileiki hafi verið þar á milli svæða. Frekari úrvinnsla á gögnum sem safnað var í leiðangrinum fer fram á næstu mánuðum og aflaráðgjöf fyrir næsta ár á grundvelli fyrirliggjandi gagna mun verða kynnt í október nk.

Vinnslulína togarans Skálabergs RE-7 endurnýjuð

- Verkfræðistofan Mannvit annast verkverkefnisstjórn, verkstýringu og eftirlit með uppsetningu

Verkfræðistofan Mannvit býður þjónustu á sviði verkfræði, rekstrar, jarðvísinda, byggingarefnarannsókna, verkefnastjórnunar og heildarumsjón verkefna. Mannvit er eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki landsins á sviði verkfræði og tækni og þar starfar öflugur hópur reynslumikilla verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölþætta reynslu á flestum sviðum verkfræðiþjónustu. Starfsemi Mannvits er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001, umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 og öryggisstjórnunarstaðlinum OHSAS 18001. Mannvit leggur áherslu á trausta og faglega ráðgjöf sem byggir á áratugalangri reynslu og þekkingu. Mannvit býður ekki síst þjónustu sína sjávarútveginum en einnig á sviði iðnaðar, endurnýjanlegrar orku, vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana, raforkuflutnings og dreifingu, bygginga, rannsóknarstofa, umhverfismála, mælinga og rannsókna, verkefnastjórnunar, samgangna, veitna, skipulags og upplýsingatækni.

Urðarhvarf 6 fékk umhverfisverðlaun Kópavogs 2014

Urðarhvarf 6 fékk umhverfisverðlaun Kópavogs 2014 fyrir besta hús í flokki atvinnubygginga. Arkitektar hússins eru Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt hjá Archus og Gunnar Páll Kristinsson hjá Rýma arkitektar. Verðlaunin verða afhent 21. ágúst sl. í Salnum Kópavogi. Til stendur að skjöldurinn verði settur upp við innganginn í húsið. Verðlaun þessi voru síðast veitt árið 2009 en þá fengu arkitektar hússins, þeir Guðmundur og Gunnar verðlaunin í flokki „íbúðabygginga“ fyrir háhýsin í Lundi og fá einnig verðlaunin í þeim flokki aftur í ár, nú fyrir lægri húsin þar, en

Urðarhvarf 6 í Kópavogi.

Lundarhverfið við Nýbýlaveg er enn í uppbyggingu.

Endurnýjun vinnslulínu

Útgerðarfélagið Brim hf. stendur þessa dagana fyrir því að endurnýja að fullu vinnslu-/ frystilínu um borð í skuttogaranum Skálabergi RE -7. Skipið er 74,5 metra langt, 16 metra breitt og er 3.435 brúttótonn. Það var smíðað árið 2003 í Noregi en Brim hf. keypti það frá Argentínu haustið 2012 og kom skipið hingað til lands fyrir ári síðan. Með breytingunum er sett upp frystilína fyrir uppsjávarfisk, einkum

Skálaberg RE-7.

makríl, og verður frystigeta allt að 220 tonn á sólarhring eftir breytingar. Breytingarnar fela m.a. í sér uppsetningu á nýju sogkerfi úr fiskmóttöku og flokkunarkörum, nýrri flokkunarlínu, 23 nýjum frystitækjum, flutningskerfi frá flokkun að frystum og frá frystum að pökkunarvélum, tvær plast- og pökkunarvélar ásamt færiböndum í lest.

Mannvit kemur að verkinu með verkefnisstjórn, verkstýringu, eftirliti með uppsetningu, samningagerð við verktaka og rekstri verksins fyrir hönd Brims hf. Uppsetning á búnaði hófst í byrjun mars sl. en stefnt er að því að ljúka verkinu á sjómannadag og er unnið samfleytt í skipinu dag og nótt til að ná því markmiði. Um 80 manns koma að verkinu frá um 20 verktökum og undirverktökum.

„Helsta ástæðan fyrir slæmu vega-kerfi er of fá atkvæði á svæðinu“

- segir Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði

Oddi hf. á Patreksfirði er framleiðandi á frystum, ferskum og söltuðum afurðum og er fyrirtækið þekkt á mörkuðum hér heima og erlendis fyrir gæðaframleiðslu og góða vöru. Oddi hf. vinnur úr rúmlega 4000 tonnum af fiski á ársgrundvelli sem þýðir hátt í 2000 tonn af afurðum. Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri, segir að stöðugt stærri hluti afurðanna fari á markað erlendis ferskur, eða um 800 tonn sem er um 40%. Allar þær afurðir fara í Breiðafjarðarferjuna og frá Stykkishólmi beint í flug á Keflavíkurflugvelli. „Á sumrin er ferjan yfirleitt full af ferðamönnum en á móti kemur að þá er ekið með fiskinn landleiðina alla leiðina, en það eru um 440 km. leið. Á sumrin er minni framleiðsla en yfir vetrarmánuðina svo það kemur minna að sök. Breiðafjarðarferjan er lykilatriði fyrir okkur, a.m.k. á meðan þjóðvegur 60 er ekki betri eða greiðfærari en raun ber vitni. Nú er að ljúka framkvæmdum og brúarsmíði á vestari kaflanum og þá er Þorskafjörðurinn eftir með Teigskóg, Hjallaháls og Ódrjúgsháls en miðað við fyrri reynslu tekur það önnur 15 ár, og á meðan nýtum við ferjuna,“ segir Sigurður Viggósson.

- Hverju telurðu vera helstu ástæðuna fyrir því að Vestfirðingar eru svona langt á eftir öðrum landshlutum með vega-framkvæmdir?

Sigurður Viggósson.

„Hér eru of fá atkvæði, er það ekki augljóst að er helsta ástæðan? Þau eru flest kringum Elliðavoginn þar sem þingmenn og stjórnkerfið er beitt mestum þrýstingi. Því fer fjarri að það sé einhver togstreita milli íbúanna um leiðir. Það eru yfir 20 ár síðan sveitarfélögin voru sammála um að byggja upp þennan láglendisveg frá suðurfjörðunum í Reykhólahrepp, og þá var m.a. vilji til þess að vegurinn lægi beint frá Skálanesi í Reykhóla og Þorskafjörðurinn þveraður. Það er því alls ekki ný hugmynd. Þrátt fyrir að sveitarfélögin á Vestfjörðum og atvinnulífið hafi tekið höndum saman um að þessi vegur verði lagður hefur það ekki dugað til. Það eru starfsmenn í stjórnkerfinu, samgöngumálum og umhverfismálum sem hafa unnið gegn þessu þjóðþrifamáli og þrátt fyrir að vilji þingmanna standi til þess að farið sé í þessar framkvæmdir, þá ráða þeir ekki við þetta kerfi. Þingmenn okkar Vestfirðinga hafa kannski tapað slagnum að vissu marki þegar Vestfirðir hættu að vera sérstakt kjördæmi og urðu hluti af Norðvesturkjördæmi. Hagsmunabaráttan er orðin svo hörð að það þarf eitthvað annað til þess að breyta þessu en vissulega hefur vaxandi fiskeldi hér í fjörðunum stækkað þennan þrýstihóp.

Ef við hefðum nútíma samgöngur þá væri sjávarútvegur og fiskvinnsla á Vestfjörðum helmingi stærri vegna nálægðar við fengsæl fiskimið, þetta hefður bæði hamlað okkur í öflun hráefnis sem og annara aðfanga, sem og sölu afurða og koma þeim við viðskiptavina. Við erum skrefi á eftir öðrum, bæði vegna samgönguleysis og vegna kostnaðar við að koma vörunni á markað.“

Núpur BA-69, einn báta Odda.

Jöfnun búsetuskilyrða og siglingar flutningaskipa

Sigurður Viggsósson segir að ekki komi til greina að sætta sig við raforkuskort, gerð sé skýlaus krafa um að engar truflanir verði á afhendingu þeirra raforku sem atvinnuífið í íbúar þurfi í nánustu framtíð. Nú tekur t.d. Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal um 10% af allri þeirri orku sem notuð er hér á suðurfjörðunum. Það þarf því að huga nú þegar að öflun frekari raforku fyrir þetta svæði áður en neyðarástand skapast.

Sigurður segir að það sé jákvæður liður í því að jafna búsetuskilyrði milli landshluta að flytja ríkisstjofnanir eða ríkisfyrirtæki út á landsbyggðina. Einnig hafi Vestfirðingar barist lengi fyrir því að fá flutningaskip/ gámaskip frá Eimskip eða Samskip til að verða með áætlunarsiglingar vestur. Það auðveldi flutning á freðfiski og saltfiski á markað án umskipunar fyrir sunnan auk flutnings ýmiss þungaflutnings sem hentar ekki á bíla. Það þurfi hins vegar að laga hafnirnar fyrir þessu stóru skip, og kannski verði það næsta baráttumál í samgöngumálum íbúa suðurhluta Vestfjarða.

Slippurinn AKUREYRI

DNG

Öll almenn skipaþjónusta

√ Stálsmíði
√ Vélvirkjun
√ Vinnslubúnaður
√ Háþrýstiþvottur og málun
√ Skrúfuviðgerðir
√ Trésmíði

Slippurinn Akureyri ehf. • DNG • Naustatanga 2 • 600 Akureyri • sími: 460 2900 • Fax: 460 2901 • www.slipp.is • www.dng.is

SJÁVARÚTVEGUR - Undirstaða velferðar

Megi nýtt fiskveiðiár verða gjöfult og farsælt

Skeljungur

VIGNIR G. JÓNSSON HF

norðanfiskur
Góður kostur - á hvers manns disk!

Hlutverk okkar er
að veita skipum
öryggi og þjónustu
Grindavíkurhöfn

Akraborg

FROST

Marz SEAFOOD

oddi HF

HVALUR HF.

VOPNAFJARÐAR HREPPUR
Vopnafjarðarhöfn

Djúpavogshreppur

Gá
Stofnað 1968

SALTKAUP EHF

HRAÐFRYSTIHÚS HELLISSANDS HF

FISK SEAFOOD

B&B synir

HP GÁMAR
HÓPSNES

HB GRANDI

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

GULLBERG
SEYÐISFIRÐI

RARIK

HAPPDRÆTTI das

SVN Síldarvinnslan hf

LÍÚ

EFLING
STÉTTARFÉLAG

DÖGUN ehf.
Gæði • Ferskleiki • Hollusta

FISKKAUP HF

Jón Ásbjörnsson hf.

BRIM SEAFOOD

Sveitarfélagið Garður

REYKJANESHÖFN

Snæfellsbær

Einn öflugasti útgerðarstaður landsins er Akureyri.

Íslenskur sjávarútvegur:

Betri gögn - meiri verðmæti!

Allar ákvarðanir stórar og smáar eru teknar á grundvelli upplýsinga og þekkingar og því skyldi maður ætla að ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar væri stútfull af gögnum sem hægt væri að reiða sig á. Þegar leitað er svara við mörgum áleitnum spurningum um þróun og verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi þá kemur oftar en ekki í ljós að upplýsingar eru ekki til staðar eða þá að þær standast ekki skoðun. Nú er það ekki svo að ekki sé hægt að teikna upp stóru myndina, afli allra tegunda er þekkt stærð og heildarútflutningsverðmætin liggja einnig fyrir, en þegar meta á t.d. þróun og nýsköpun einstakra tegunda eða afurða þá er oft erfiðara um vik.

„Lögð hefur verið mikil áhersla á að skrá allan afla og er því að sjálfsögðu fylgt vel eftir, en þegar kemur að útflutningi þá tekur við annað kerfi sem byggist á skráningu útflutnings eftir tollskrárnúmerum," segir Páll Gunnar Pálsson hjá MATÍS. „Tollskránni er ætlað að vera það kerfi sem á að ná utan um allar afurðir sem fluttar eru til og frá landinu. Það kerfi sem notað er hér á landi er byggt á samræmdu alþjóðlegu númera- og flokkunarkerfi sem yfir 200 þjóðir nýta sér, þannig að í grunninn er t.d. þorskur með sama númer víðast hvar í heiminum. Þetta á við um fyrstu sex tölustafina, síðan geta þjóðir lengt númerið og bætt við ítarlegri greiningu afurða. Hér á landi hefur einungis verið hægt að bæta við tveimur tölustöfum vegna takmarkaðrar getu gagnagrunna sem eru í notkun."

Mikilvægt að sjávarútvegur sé með í ráðum þegar mikilvægur gagnagrunnur er skipulagður

Upplýsingarnar sem útflytjendur setja á útflutningspappíra og skila til Tollsins, eru síðan grunnurinn að birtingu gagna hjá Hagstofunni, þannig að ef útflytjendur eru að kasta til hendinni við upplýsingagjöfina þá verður minna mark á takandi þeim upplýsingum sem Hagstofan birtir. Þar sem útflutningur er ekki tilefni gjalda hér á landi þá gefur það auga leið að eftirlit með réttri skráningu er takmarkað, það á sér í raun ekki stað fyrr en í innflutningslandi því þá þarf varan að tengjast réttu tollnúmeri þess lands.

Þegar verið er að rýna tölur um útflutning þá er fyrsta stopp að skoða vörulýsinguna og finna út hvað er átt við eða hvað ekki er átt við, það getur reynst mjög erfitt að fá glögga mynd af þeim afurðum sem skráðar eru í tiltekin tollskrárnúmer. Vörulýsingar er oft á tíðum mjög opnar og geta átt við mismunandi afurðir, en yfir 100 hugtök eru notuð til að lýsa sjávarafurðum í tollskránni og er hvergi að finna nánari skýringar á þeim hugtökum.

Það er hægt að tína til mýmörg dæmi um misvísandi vörulýsingar og er greinilegt að nokkur skortur er á vöruþekkingu við samningu þeirra, en hafa verður þó í huga að starfsmenn Tollsins hafa ýmislegt annað á sinni könnu en að semja vörulýsingar fyrir sjávarafurðir. Tollskrárnúmer fyrir sjávarfang eru örfá hundruð meðan tollskráin í heild hefur að geyma þúsundir annarra vörulýsinga, því er mikilvægt að sjávarútvegurinn sé með í ráðum þegar svona mikilvægur gagnagrunnur er skipulagður. Það er vissulega sjávarútvegurinn sem nýtur fyrst og fremst góðs af góðum og ítarlegum upplýsingum um hvernig til tekst með verðmætasköpun og nýtingu sjávarfangs, því í upplýsingunum verða tækifærin sýnileg.

Þrátt fyrir töluverða endurskoðun tollskrárinnar 2012 og fjölgun númera þá er engan veginn hægt að greina með nokkrum hætti hver nýting einstakra tegunda er, sem sést m.a. af því að fjórða verðmætasta tegundin sem flutt er frá Íslandi er „annar fiskur" eða „ýmsar tegundir" það eru afurðir þar sem engin sérstök fisktegund er nefnd í vörulýsingu. Þessi „annar fiskur" skilar um 10% af heildarverðmætum útfluttra sjávarafurða.

Samræma þarf vörulýsingar

„Það eru á floti fullyrðingar um svo og svo mikla nýtingu einstakra tegunda og eru menn að berja sér á brjóst og fullyrða að við séu öðrum þjóðum fremri. En það er ekki hægt að halda neinu slíku fram nema að fyrir hendi liggi betri upplýsingar um allar afurðirnar. Meðan ólíkum afurðum er safnað saman í einstök tollskrárnúmer þá er ekki hægt að reikna til baka og segja hver nýting aflans er. Þeir sem hafa komið nálægt vinnslu sjávarafurða vita að það skiptir máli að vita hvort fiskur er með eða án hauss, slægður eða óslægður, flök með roði og beinum eða roðlaus og beinlaus o.s.frv. , ef þessar upplýsingar eru ekki fyrir hendi þá er útilokað að reikna út heildarnýtingu einstakra tegunda.

Matís hefur verið í samstarfsverkefni með Tollstjóraembættinu, Hagstofu Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Landssambandi fiskeldisstöðva, Icelandic og Iceland Seafood, þar sem farið hefur verið yfir þessi máli. Verkefnið var styrkt af AVS sjóðnum. Afrakstur verkefnisins er samantekt um hver staðan er og hvernig núverandi upplýsingakerfi er ekki að ná nægjanleg vel utan um þessi gögn sem til verða. Einnig er sett fram tillaga að úrbótum og hvernig mætti ná fram mjög ítarlegum upplýsingum um allar tegundir, verðmæti og nýtingu, en til þess að ná slíku fram þá þarf að samræma vörulýsingar og tryggja það að sami skilningur sé um hugtökin sem notuð eru. Nú liggja fyrir hugtakaskýringar fyrir vörulýsingarnar og eru þær með fjölda mynda til að sýna betur hvað átt er við.

Þessi nýja tillaga mun einfalda alla skráningu og getur í raun gert tilbúning sérílenskra tollskrárnúmera fyrir sjávarfang algerlega óþarfan, en samt boðið upp á mun ítarlegri upplýsingar. Þá verður hægt að svara nánast öllum hugsanlegum spurningum varðandi verðmætasköpun og nýtingu sjávarfangs og þar með taka skynsamlegar ákvarðanir, byggðar á bestu fáanlegu upplýsingum, um allt sem viðkemur nýtingu auðlindarinnar."

Þrátt fyrir töluverða endurskoðun tollskrárinnar 2012 og fjölgun númera þá er engan veginn hægt að greina með nokkrum hætti hver nýting einstakra tegunda er, sem sést m.a. af því að fjórða verðmætasta tegundin sem flutt er frá Íslandi er „annar fiskur" eða „ýmsar tegundir" það eru afurðir þar sem engin sérstök fisktegund er nefnd í vörulýsingu. Þessi „annar fiskur" skilar um 10% af heildarverðmætum útfluttra sjávarafurða.

Sýningarbás Samhentra á Íslensku sjávarútvegssýningunni 2011 ásamt starfsmönnum.

Samhentir eru leiðandi fyrirtæki í umbúðum

- umbúðir utan um fiskafurðir hafa hlotið almennt lof

Samhentir – Kassagerð er þjónustufyrirtæki um heildarlausnir í umbúðum og öðrum rekstrarvörum. Fyrirtækið er leiðandi þegar kemur að umbúðum. Kassar, öskjur, arkir, pokar, pappi, plast, límbönd og allt sem þarf svo vel fari um vöruna þína er til á lager. Birgjar eru fjölmargir, bæði innlendir og erlendir. Samhentir eru ráðgefandi um lausnir, efnisval, hönnun og tækjakost. Til að spara viðskiptavinum sporin er einnig boðið upp á rekstrarvörur, s.s. hreinlætisvörur og einnota vörur, vinnufatnað og skó, áhöld s.s. hnífa og matvinnsluáhöld, krydd og íblöndunarefni og pökkunarvélar. Samhentir leggja sig fram um að viðskiptavinurinn fái allt á einum stað. Hið mikla vöruúrval auk umbúðanna léttir verulega undir hjá framleiðslufyrirtækum þar sem hlutirnir þurfa að ganga hratt fyrir sig og hjá fiskiskipum sem stoppa stutt í landi.

Umbúðir selja er staðreynd sem flestir viðskiptavinanna hafa fengið að reyna. Því reynir oft á umbúðahönnuðinn að finna rétta utanumhaldið um vöruna. Samhentir er bandamaður þegar leitað er umbúða á sanngjörnu verði, sem fara vel með vöruna og freista neytandans.

Makríll. Aukin ganga hans á hafsvæðið við landið hefur aukið heildarverðmæti sjávarfangs á Íslandi.

Útbreiðsla uppsjávarstofna í NA-Atlantshafi sumarið 2014 er svipuð milli ára

Dagana 13. -17. ágúst sl. var haldinn fundur í Þórshöfn í Færeyjum með þátttöku fiskifræðinga frá Noregi, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Þar var fjallað um og samræmd gögn alþjóðlegs rannsóknaleiðangurs í sumar, sem beindist að vistfræði, dreifingu og magnmælingu makríls og annarra uppsjávartegunda í Norðaustur Atlantshafi. Rannsóknarsvæðið var útvíkkað samanborðið við fyrri leiðangra, einkum til norðurs að Svalbarða, til austurs í Barentshaf og til vesturs og suðurs að Hvarfi á suðurodda Grænlands. Rannsóknaskipið Árni Friðriksson kannaði grænlenskt hafsvæði á vegum Grænlendinga.

Makríll fannst víðast hvar á rannsóknasvæðinu og í svipuðu magni og árið 2013. Dreifing norsk-íslensku síldarinnar var vestlægari og norðlægari en undanfarin ár. Hrognkelsi fundust víðast hvar norðan 65. gráðu, en við Grænland náði útbreiðslan eins langt suður og kannað var.

„Sjávarútvegssýningin er mikilvægt tækifæri fyrir fjölmörg íslensk fyrirtæki“

- segir Jón Gunnarsson alþingismaður og formaður atvinnuveganefndar Alþingis

, Það er mjög mikilvægt að vera með sjávarútvegssýningu hérlendis á þiggja ára fresti, sérstaklega í ljósi þess að Ísland og íslenskur sjávarútvegur er afar vel kynntur erlendis. Á vettvangi Sameinuðu Þjóðanna, þar sem ég var nýlega sem þingmaður, leggi menn við hlustirniar þegar íslensk rödd heyrist fjalla um sjávarútveg vegna þekkingar okkar og reynslu,“ segir Jón Gunnarsson alþingismaður og formaður atvinnuveganefndar Alþingis og segir að kannski sé ekki eins vel lagt við hlustir þegar Íslendingar fjalla um aðra málaflokka.

Jón segir að í ljósi þess hversu framsækin íslenskur sjávarútvegur er hvernig fiskveiðistjórnunarkerfinu er háttað og hvernig framsýnum útgerðarmönnum hefur tekist að stjórna þessu kerfi, sé hægt að fullyrða að hér sé rekin einn arðbærasti sjávarútvegur í heimi. Það eigi ekki bara við um útgerð og fiskvinnslu, heldur ekki síður við alls konar tæknilausnir og þann stórkostlega iðnað sem hefur skapast kringum sjávarútveg á Íslandi, og er alltaf að aukast.

„Sjávarútvegssýning er því mikilvægt tækifæri fyrir fjölmörg íslensk fyrirtæki til að koma sínum, hugmyndum, vörum og þekkingu á framfæri. Sum þessara fyrirtækja séu svo smá að það gæti reynst of kostnaðarsamt að sækja sjávarútvegssýningar erlendis, t.d. í Bruxelles. Þetta er því gullið tækifæri fyrir þessi fyrirtæki. Sú þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum um svokallað klasasamstarf, þar sem fyrirtæki sem sérhæfa sig í hugbúnaði, tæknilausnum, vélum og fleiri taka sig saman að ná fram sameiginlegum lausnum. Sameiginlega eru þau miklu öflugri að kynna sig gagnvart innlendum og ekki síður erlendum aðilum. Á þessu sviði höfum við náð lengra en margar aðrar þjóðir enda höfum við oft þann sveigjanlega að laga okkur að breyttum mörkuðum með litlum fyrirvara.“

Jón Gunnarsson alþingismaður.

- Telurðu að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki séu síður tilbúin að tileinka sér erlendan tækibúnað en íslenskan?

„Ég tel nú að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki leiti eftir því besta á markaðnum á hverjum tíma, hvort það sé íslensk eða erlend framleiðsla. Fyrirtækin gera miklar kröfur og það er grunnurinn að þeim gæðum sem er á íslensku sjávarfangi í dag. Þess vegna horfa þau mjög til tæknifyrirtækja innanlands vegna þess að þar er oft hægt að fá ódýrar lausnir, eða a.m.k. ódýrari. Þetta eru fyrirtæki með hágæða vöru, eins og Marel, Valka og Skaginn svo einhver fyrirtæki séu nefnd. Það á bæði við um hugbúnað og vélbúnað. Skaginn á Akranesi hefur m.a. verið að setja upp upp verksmiður í Færeyjum sem vinna uppsjávarfisk og Traust –Þekking í Borgarfirði hefur veirð að setja upp vinnslulínur í tvo rússneska togara. Dæmin eru mun fleiri.“

Starfsumhverfið í sjávarútvegi að taka stórkostlegum breytingum

- Það hefur á síðustu árum ekki þótt nógu „fínt“ að vinna í fiskvinnslu. Telurðu að sjávarútvegssýningin í Kópavogi geti eflt ímynd íslensk fiskiðnaðar í augum þess fólks sem ekki hefur atvinnu sína af því að vinna í þeirri atvinnugrein?

„Eftirsóknin í þessi störf hefur dregist saman á undanförnum árum, þrátt fyrir mikilvægi þeirra í íslensku samfélagi gegnum tíðina. En tilkomu allrar þessarar nýju tækni og breytingu á vinnuaðstöðu fólks þá er þetta starfsumhverfi að taka stórkostlegum breytingum. Það er ekki hægt að líkja aðbúnaði í hefðbundnum fiskvinnslustörfum í dag við þann aðbúnað sem fólk bjó við áður, og kannski þarf ekki að fara lengra en aldarfjórðung aftur í tímann til að sjá hversu gríðarlegur munurinn er. Það má líkja þessu við byltingu. Í dag eru þetta tæknimenn að stórum hluta sem eru að vinna fiskvinnslustörf, svo tæknivædd er greinin orðin.“

- Það hafa allir skoðanir þegar umræðan snýst um sjávarútveg. Það er sama hvort það er kvótinn, veiðileyfagjald, markaðsmál eða eitthvað annað. Sýnir það ekki öðru fremur það hversu nærri þessi atvinnugrein er þorra landsmanna?

„Tvímælalaust. Þarna er enginn skoðanalaus. Þess vegna eru margir sem ekki eru að vinna við sjávarútveg að leggja leið sína á sjávarútvegssýninguna og það á jafnt við unga sem gamla. Að koma á sýninguna opnar huga ungs fólks fyrir þeim tækifærum sem svo sannarlega liggja á þessum vettvangi. Það er afar jákvætt,“ segir Jón Gunnarsson.

Sjóvélar eru leiðandi í vörum fyrir línuflotann

Fyrirtækið Sjóvélar í Skútvogi 12 var stofnað svorið 2003. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í þjónustu og sölu á vörum fyrir línuflotann. Öll vörumerki fyrirtækisins eru rótgróin á íslenskum markaði og reynslan af þeim hefur verið góð. Sjóvélar sérhæfa sig í vörum fyrir handfæra- og línuveiðar svo sem línum, krókum, línuspilum, færavindum, slíturum og fleiru.



Sýningarbás Sjóvéla á sjávarútvegssýningunni í Fífunni haustið 2011.

EFFECTUS

NÝR TOGHLERI - NÝIR TÍMAR

www.hlerar.is

Rauðu hlerar Hleragerðarinnar hafa áratugum saman notið viðurkenningar og vinsælda meðal skipstjórnarmanna.

Þau ár sem þeir hafa verið í framleiðslu hefur Hleragerðin einbeitt sér að því að bjóða upp á vandaða og trausta smíði sem stenst fyllilega allan samanburð.

Við höfum unnið linnulaust sl. ár við þróun og prófanir á arftaka rauðu Klassic botnhleranna.

Rannsóknir og prófanir á nákvæmum hleramódelum fóru fram í Hirtshals í mars 2013.
Niðurstaðan úr prófunum voru góðar.

Við köllum þessa nýju kynslóð toghleranna okkar Effectus.
Botnhlera sem boða nýja tíma.

Effectus er smíðaður í öllum stærðum og þyngdum eftir óskum kaupanda.

Vönduð handbók með ítarlegum upplýsingum um notkun hleranna
fylgir öllum hlerapörum.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Sigurðsson verkstjóri hjá Hleragerðinni.

HLERAGERÐIN

FISKISLÓÐ 49 - 51 - 101 REYKJAVIK - ÍSLAND
SÍMI: 561 5670 - HLERAR@HLERAR.IS - WWW.HLERAR.IS

Lykill
að bættum veiðum:

GLORIA®

Þantroll

...breiðari opnun - bætir veiðarnar

...minni mótstaða á stærri togfleti

...heldur lögun vel á litlum hraða

...auðveld í köstun og hífingu

...minni titringur og lægri hljóðbylgur, lágmarka fiskfælni

...yfirfléttaður kaðall með núningshlíf í mismunandi litum fyrir hvert byrði

Við erum á Íslensku sjávarútvegssýningunni í Smáranum.
Sýningarsvæði D-50
25. - 27. september

HAMPIÐJAN
– Veiðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is

Persónuleg og traust þjónusta um allan heim

Við hlökkum til að sjá þig á sýningarbásnum okkar, **G70**,
á Sjávarútvegssýningunni í Kópavogi 25.-27. september.

www.samskip.is

samskip
Saman náum við árangri